



ÁRSSKÝRSLA

SKÓLAÁRIÐ 2021-2022



JÚNÍ 2022

ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI SKÓLAÁRIÐ 2021-2022
JÚNÍ 2022

ÚTGEFANDI: GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

GUNNLAUGSGATA 13

310 BORGARNES

SÍMI 433 7400

NETFANG: SKOLI@GRUNNBORG.IS

VEFFANG www.grunnborg.is

Efnisyfirlit

1. FORMÁLI	7
2. INNGANGUR	8
3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	9
3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR	9
3.2 SKÓLARÁÐ	9
3.3 FORELDRAFÉLAG	9
3.4 NEMENDARÁÐ	10
3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ	10
3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	10
3.7 ÁFALLARÁÐ	10
3.8 EINELTISTEYMI	11
3.9 ÖRYGGISNEFND	11
3.10 NEMENDAFJÖLDI	11
3.11 STARFSMENN	12
3.12 SKÓLALÓÐ	14
3.13 SKÓLAAKSTUR	15
3.14 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	15
3.15 SKIPULAG KENNSLU	16
<i>Viðmiðunarstundaskrá og skipting námsgreina</i>	<i>17</i>
4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR	18
4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	18
4.2 NÁMSMAT	19
5.3 VIÐBURÐIR	20
5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR	21
5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	21
5.2 NÁMSMAT	22
5.3 VIÐBURÐIR	22
6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR	22
6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	23
6.2 NÁMSMAT	23
6.3 VIÐBURÐIR OG FERÐALÖG	24
7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR	24
7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	25
7.2 NÁMSMAT	26
7.3 VIÐBURÐIR	26
8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKUR	27
8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	27
8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG	28

8.3	NÁMSMAT	29
8.4	VIÐBURÐIR	29
9.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR	29
9.1	HELSTU ÁHERSLUR , KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	30
9.2	NÁMSMAT	30
9.3	VIÐBURÐIR	30
10.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR	31
10.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	31
10.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG	32
10.3	NÁMSMAT	32
10.4	VIÐBURÐIR	32
11.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR	33
11.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	33
11.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG	34
11.3	NÁMSMAT	34
11.4	VIÐBURÐIR	34
12.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR	35
12.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	35
12.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG	36
12.3	NÁMSMAT	36
12.4	VIÐBURÐIR	36
13.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR	36
13.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	37
13.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG	37
13.3	NÁMSMAT	38
13.4	VIÐBURÐIR	38
14.	SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA	39
14.1	NÁMSMAT	40
14.2	SUNDKENNSLA	40
14.3	NÁMSMAT	40
15.	ÞENNAN KAFLA VANTARISÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI	41
15.1	NEMENDATEYMI	41
15.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI	41
15.3	SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF	42
16.	SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA	43
16.1	MARKMIÐ	43
16.2	UPPBYGGING KENNSLUNNAR/KENNSLUAÐFERÐIR	43
16.3	NÁMSEFNI/GÖGN	44
16.4	NÁMSMAT	46

16.5	ALMENNT HORFT YFIR SKÓLAÁRIÐ.....	46
17.	SKÝRSLA HÖNNUNNAR OG SMÍÐA.....	46
17.1	ÁRGANGA/HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI:.....	47
17.2	KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT	50
17.3	SKIPULAG	50
17.4	VIÐBURÐIR	51
18.	VANTAR SKÝRSLU. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA	51
18.1	KENNSLUADFERÐIR OG NÁMSMAT	53
18.2	ÁHERSLUR.....	54
18.3	SÉRSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU.....	54
19.	SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA	55
19.1	KENNSLUADFERÐIR OG NÁMSMAT	61
19.2	NÝNÆMI OG HUGLEIÐINGAR KENNARA	62
20.	SKÝRSLA TÓNMENNTAKENNARA	62
20.1	ÁRGANGA/HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI	63
20.2	KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT	64
20.3	SKIPULAG	64
20.4	VIÐBURÐIR	64
21.	VAL.....	65
22.	VANTAR SKÝRSLU! VETTVANGSFERÐIR Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI	67
23.	NEMENDAFÉLAG – FÉLAGSSTARF	68
24.	ÞRÓUNARVERKEFNI	71
24.1	LESTUR	71
24.2	HEILSUEFLANDI SKÓLI	72
24.3	LAUSNARTEYMI.....	73
24.4	GRÆNFÁNI.....	74
24.1	UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR	75
24.2	RÝNI – OG UMBÓTAHÓPUR	77
24.3	SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA	78
25.	BÓKASAFN	79
25.1	ENDURNÝJAÐ HÚSNÆÐI.....	79
25.2	STARFSMENN	80
25.3	FRÆÐSLA.....	80
25.4	ENDURMENNTUN.....	81
25.5	JÁKVÆÐ ÁHRIF KÓRÓNAVEIRUFARALDURSINS.....	82
25.6	NÝTT BÓKASAFNSKERFI.....	82
25.7	AÐFÖNG / AÐFANGASTEFNA.....	82
25.8	INNKAUP OG EFNISVAL	83
25.9	GRISJUN	83
25.10	GJAFIR.....	84

25.11	AÐVENTA	84
25.12	HEIMSÓKNIR.....	85
25.13	LESTRARHVATNING OG KLÚBBAR.....	85
	<i>Klúbbar</i>	85
25.14	NÁMSBÆKUR.....	85
25.15	SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN	86
25.16	VIÐBURÐIR	86
	<i>Bókasafnsdagurinn</i>	87
	<i>Norræn bókasafnavika</i>	87
	<i>Jólastundir á aðventu</i>	87
	<i>Dagur barnabókarinnar</i>	87
	<i>Vika bókarinnar</i>	88
25.17	LOKAORÐ	88
26.	SÉRKENNSLA, ÞROSKAÐJÁLFN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI.....	89
26.1	NEMENDATEYMI	89
26.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI	89
26.3	SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF	91
27.	SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN)	91
27.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	91
27.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG	92
27.3	NÁMSMAT	92
28.	HÉR Á EFTIR AÐ SKRIFA NÝTT SAMANTEKT	92

1. FORMÁLI

Markmið með ársskýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum ár hvert. Skýrslan er mikilvægt gagn til að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans (www.grunnborg.is) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til fræðslunefndar og bókasafns Grunnskólans í Borgarnesi. Skýrslan kemur einnig út á rafrænu formi og er þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri.

2. INNGANGUR

Skólastjóri skólans heitir Júlía Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, deildarstjóri er Kristín Valgarðsdóttir og deildarstjóri sérkennslu er Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

Skólastjórnendur mættu til vinnu þriðjudaginn 3. ágúst en skólaárið hófst hjá kennurum og almennu starfsfólki mánudaginn 16. ágúst. Starfsdagurinn byrjaði með starfsmannafundi þar sem stjórnendur buðu starfsmenn velkomna til starfa ásamt því að línur voru lagðar fyrir komandi vetur. Skólasetninging var haldin mánudaginn 23. ágúst fyrir 1.-4. bekk í sal skólans. Vegna takmarkana þá gátu foreldrar 1. og 2. bekkinga einungis komið og bara eitt foreldri með hverju barni. Eftir skólasetningu héldu nemendur svo með umsjónarkennurum sínum í skólann þar sem þeir fengu stundatöflur, skóladagatal auk þess sem námsefni vetrarins var kynnt. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 24. ágúst.

3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri sérkennslu

Kristín Valgarðsdóttir, deildarstjóri

3.2 SKÓLARÁÐ

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Elín Matthildur, fulltrúi kennara

Helena Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara

Guðdís Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Hildur Sveinsdóttir, fulltrúi foreldra

Margrét Freyja Viðarsdóttir, fulltrúi foreldra

Magnús B. Jóhannsson, fulltrúi grenndarsamfélags/foreldra

Valborg Elva Bragadóttir, fulltrúi nemenda

Magnús Máni Róbertsson, fulltrúi nemenda

3.3 FORELDRAFÉLAG

Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir, formaður

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, varaformaður

Eva Margrét Jónsdóttir, gjaldkeri

Kristín H. Kristjánsdóttir, ritari

Pórunn Unnur Birgisdóttir, meðstjórnandi

Harpa Sif Ingólfssdóttir, meðstjórnandi

Karl Ómar Ársælsson, meðstjórnandi

3.4 NEMENDARÁÐ

Valborg Elva Bragadóttir, formaður

Magnús Máni, varaformaður

Aðalheiður Ella Ásmundsdóttir, gjaldkeri

Guðjón Andri Gunnarsson, ritari

Eyjólfur Ágúst Hjörleifsson, meðstjórnandi

Sigurgeir Erik Þorvaldsson meðstjórnandi

Atli Freyr Ólafsson, tæknistjóri

Kristján Páll R. Hjaltason tæknistjóri

3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri sérkennslu

Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi

Margrét Gísladóttir, málastjóri

3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi

Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Margrét Gísladóttir, málastjóri

3.7 ÁFALLARÁÐ

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Ragnildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Sóknarprestur

3.8 EINELTISTEYMI

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Inga Margrét Skúladóttir, kennari

Margrét Eggertsdóttir, kennari

3.9 ÖRYGGISNEFND

Elín Kristinsdóttir

Snæbjörn Óttarsson

Pórarinn Torfi Finnbogason

María Erla Guðmundsdóttir

3.10 NEMENDAFJÖLDI

Nemendur skólans eru í dag 326 og er áætlaður fjöldi nemenda næsta skólaárið 310.

Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs.

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda vorið 2022.

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónakennarar
1.	31	18	13	Birgitta Eypórsd./Hólmfríður Ólafsd.
2.	24	11	13	Arna Einarsd./Sæbjörk Kristmannsd.

3.	30	15	15	Sigrún Sveinsd./Steinunn Bjarnad.
4.	36	21	15	Guðrún S.Guðbrandsd./Margrét Eggertsd.
5.	25	16	9	Ásta Björk Björnsd./Sigrún Sigurðard.
6.	33	16	17	Bjarni Bachmann./Helga Harðard.
7.	31	14	17	Franziska Pálsd./Viktor Már Jónasson
8.	40	19	21	Bjarney Bjarnad./Dagmar Harðard./Sóley Sigurg.
9.	31	19	12	Birna Hlín/Inga Margrét Skúlad.
10.	45	22	23	Amelía Christine/Haraldur M.Stefánss.

3.11 STARFSMENN

Nafn	Starf	Hlutfall
Alicja Garcarska	Skólaliði	100
Amelia Christine Scholl	Umsjónarkennari 10. bekkjar	100
Anna Guðmundsdóttir	Bókasafn – kennari	80
Anna S. Guðbrandsd.	Myndmenntarkennari	100
Anna Sólrún Kolbeinsd.	Tónmenntakennari	80
Arna Einarsdóttir	Umsjónarkennari 2. bekkjar	80
Ásta Björk Björnsdóttir	Umsjónarkennari 5. bekkjar	100
Birgitta M. Eypórsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekkjar	100
Birna Hlín Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari 9. bekkjar	100
Bjarney Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 8. bekkjar	100
Bjarni Bachmann	Umsjónarkennari í 6. bekk	100
Dagbjört Skaftadóttir	Skólaliði	100
Dagmar Mýrdal Harðard.	Umsjónarkennari 8. bekkjar	100
Elín Kristjánsdóttir	Námsráðgjafi hjá Borgarbyggð	40
Elín Matthildur Kristinsd.	Velferðarkennari	80
Elísabet Ýr Bjarnadóttir	Proskapjálfi	80
Eva Lára Vilhjálmsdóttir	Textílkennari	100
Fanney Þorkelsdóttir	Proskapjálfi	100

Franziska Jóney Pálsd.	Umsjónarkennsla í 7. bekk	100
Guðbjörg Konráðsdóttir	Stuðningsfulltrúi	76
Guðdís Jónsdóttir	Skólaritari	100
Guðrún R. Kristjánsdóttir	Sérkennsla	49,9
Guðrún S. Guðbrandsd.	Umsjónarkennari í 4. bekk	100
Hanna S. Kjartansdóttir	Dönsku og íþróttakennari	100
Haraldur M. Stefánsson	Umsjónarkennari í 10. bekk og íþróttakennari	100
Helena B. Guðmundsd.	Sérkennari	100
Helga Harðardóttir	Umsjónarkennari 6. bekkjar	100
Hildur Hallkelsdóttir	Náttúrufræðikennari	100
Hólmfríður Ólafsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk	100
Hulda Hrönn Sigurðard.	Deildarstjóri sérkennslu	100
Inga Margrét Skúladóttir	Umsjónarkennari í 9. bekk	100
Jóhannes Magnússon	Stuðningsfulltrúi	85
Jónína G. Heiðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	60
Júlía Guðjónsdóttir	Skólastjóri	100
Kolbrún A. Rafnsdóttir	Skólaliði	100
Kristín Amelía Þuríðard.	Stuðningsfulltrúi	85
Kristín Frímannsdóttir	Íþróttakennari og sérkennari	100
Kristín M. Valgarðsdóttir	Deildarstjóri	100
Kristín Markúsdóttir	Stuðningsfulltrúi	100
Margrét F. Eggertsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekkjar	100
Margrét Skúladóttir	Hönnun og smíði	100
María Erla Guðmundsd.	Skólaliði	100
Málfríður Jónsdóttir	Aðst.matráður	100
Monika Z.F. Mazur	Stuðningsfulltrúi	73
R.Kristín Einarsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	100

Sigríður Eva Magnúsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur	40
Sigríður H. Hálfánard.	Þroskaþjálfari	100
Sigrún Sveinsdóttir	Umsjónarkennari 3. bekkjar	100
Sigrún Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 5. Bekkjar	80
Sigrún Ö. Sigurðardóttir	Íþróttakennari	93
Silja Jónasdóttir	Aðst. matráður	100
Snæbjörn Óttarsson	Kokkur	100
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekkjar	100
Steinunn Þ. Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 3. bekkjar	100
Sveinbjörg Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	76,50
Sæbjörg Kristmannsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk	100
Vesna Pavlovic	Aðstoð á bókasafni	50
Victor P. Rodrigues	Stuðningsfulltrúi	100
Viktor Már Jónasson	Umsjónarkennari 7. bekkjar	100
Þórarinn Torfi Finnbogas.	Húsvörður	100
Þórdís Á. Arnfinnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	73,49
Þórunn Kjartansdóttir	Heimilisfræði	100

3.12 SKÓLALÓÐ

Í kringum skólann er óafgirt skólalóð og hafa nemendur stórt og gott svæði til að leika sér á. Á svæðinu er sparkvöllur sem er mikið notaður. Á svæðinu eru einnig rólur, körfuboltavöllur og svið. Búið er að teikna/ hanna skólalóðina af arkitektum og verður áframhaldandi vinna við hana í sumar. Á skólalóðinni er klettur sem nemendur leika sér gjarnan á, á skólalóðinni er brekka sem nemendur nota til að renna sér þegar það er snjór einnig sem þar er snjóboltakastsvæði nemenda.

3.13 SKÓLAAKSTUR

Nemendur af Mýrunum sækja skólann og er lengsti aksturinn af bæjum sem eru staðsettir í Kolbeinsstaðahreppi. Innanbæjarakstur er í Borgarnesi og eru það nemendur frá Dílahæð og upp í Bjargsland sem fá þann akstur. Skólabílstjórar skólans eru Jón Axel, Gísli, Sigurbjörn, Sigurður Ingi og Þorsteinn.

3.14 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Meginstefna skólans er að efla nemendur sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga sem geta sýnt samkennd með öðrum. Einstaklinga sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun. Vörðurnar á þessari leið eru Uppbyggingarstefnan, Grænfanaverkefnið, Heilsueflandi grunnskóli, gott foreldrasamstarf, námsmatið og kennslufyrirkomulagið. Við lítum á hvern árgang sem eina heild og er skólinn teymiskennslu skóli. Með teymiskennslu er verið að koma betur til móts við hvern nemanda, m.a. með því að skipta í hópa eftir þörfum, getu og áhuga. Þetta er fjórði veturinn sem skólinn vinnur sem teymiskennslu skóli eftir hafa tekið þátt í innleiðingaverli ásamt Grunnskóla Borgarfjarðar undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar. Við höfum náð markmiði okkar og getum stolt kallað okkur teymiskennsluskóla. Síðast liðinn vetur var einnig unnið ásamt GBF að verkefni tengdu bekkjaranda og betri skólabrag. Við höldum áfram þeirri vinnu í vetur. Til að sýn okkar á skólastarfinu nái fram að ganga þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott og með velferð nemandans að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur**. Þessi orð eru burðarstólpar hugmyndafræði

skólans í uppeldismálum sem ber heitið „Uppeldi til ábyrgðar“. En hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Í nýrri útgáfu skólanámskrár er miðað við að einkunnarorð skólans og uppeldisstefnan séu sýnileg.

Heimaskóli Menntavísindasviðs H.Í

Skólinn tekur á móti nemendum í bæði B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið H.Í og veitir þeim aðgang að skólanum til að vinna þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefnin felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi, framkvæmd kennslu og athugunum á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt. Leiðbeinendakennari tekur þátt í frammistöðumati á nemum og leiðbeinir þeim á vettvangi. Þá hefur skólinn einnig haft samstarf við Háskólann á Akureyri um vettvangsnám og æfingakennslu kennaranema. Fjórir kennaranemar voru í vettvangsnámi við skólann í vetur.

3.15 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir.

Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

Tafla 2: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Námssvið Námsgreinar	1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku	5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku	8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku	1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	100,00%

Tafla 3: Skipting námsgreina skólaárið 2021-2022 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	8.5	8	7	7	6.5	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Danska	0	0	0	0	0	1	3	3	3	3
Enska	0	0	0	2	2.5	2	2	3	4	4
Samfélagsfræði	4.5	4	3	3	5	5	4.5	5	3	3
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	3	3
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Hönnun og smíði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Textíl	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Myndmennt	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Leiklist/Tónmennt	2	2	2	2	2	2	0.9	0.9	0.6	0.6

Val	2	2	2	0	1	1	2,5	3	3	3
Samtals	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37
Viðmið	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

Í árganginum voru 31 nemendur að hausti, 17 drengir og 14 stúlkur.

Umsjónarkennarar voru tveir, Birgitta Mjöll Eypórsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir.

Fanney Þorkelsdóttir og Sigríður Hrund Hálfanardóttir þroskaþjálfar sáu um sérkennslu. Monika Mazur og Kristín Markúsardóttir voru stuðningsfulltrúar í bekknum. Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði, Eva Lára Vilhjálmsdóttir kenndi textílmenn, Þórunn Kjartansdóttir kenndi leiklist, Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt og Anna Sólrún Kolbeinsdóttir kenndi tónmennt. Kristín Frímannsdóttir og Hanna S. Kjartansdóttir kenndu leikfimi og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndi sund.

4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. para-, hópa- og stöðvavinna sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi.

Við notuðum sjónrænt skipulag á töflu ásamt tímavaka.

Kennt var samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis og áhersla á samþættingu námsgreina. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima.





4.2 NÁMSMAT

Tvö hraðlestrarpróf voru lögð fyrir í janúar og maí. Lögð var fyrir lesskimunin Lesferill fyrir 1. bekk í október sem er mat á lestri, lesskilningi og réttitun. HópaVinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin. Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt yfir veturinn.

Náttúru- og samfélagsfræði var samþætt við byrjendalæsi.

Við lögðum líðan könnun fyrir nemendur einu sinni yfir veturinn í febrúar fyrir nemenda- og foreldraviðtölin.

Foreldraviðtöl fóru fram fjórum sinnum yfir veturinn (ágúst, október, febrúar og júní).

Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð.

Hæfniviðmið voru metin í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingamennt ásamt lykilhæfni. Á skólaslitunum fengu nemendur viðurkenningarskjal fyrir að hafa lokið 1. bekk.

5.3 VIÐBURÐIR

Farið var reglulega í gönguferðir um nágrenni skólans þar sem lögð var áhersla á umferðarreglur.

Einnig var farið reglulega í Skallagrímssgarð og á Bjössaróló. Leikskólarnir Klettaborg og Ugluklettur voru heimsóttir að hausti þar sem nemendur fengu að taka þátt í söngstund og voru með leikskólabörnunum í útiveru. Við tíndum rusl á Kveldúlfsvelli í tengslum við Vordaga skólans.

Boðið var upp á Lestrarfræðslu – fræðslu um lestur og heimalestur barna í október fyrir foreldra. Fjola Benediktsdóttir verkefnastjóri í lestri hjá Borgarbyggð sá um fræðsluna sem var virkilega áhugaverð. Þátttaka foreldra var frekar dræm.

Haldin var 100 daga hátíð þar sem nemendur unnu í stöðvum fjölbreytt verkefni með áherslu á nám og leik. Við sungum á árshátíðinni eitt lag og nemendur föndruðu skilti og kórónur sem þeir höfðu með í atriðinu á sýningardegnum.

Leikskólabörn komu í heimsókn í litlum hópum á vordögum og tóku þátt í skólastarfinum með okkur. Við sungum tvö lög fyrir foreldra og aðra gesti á opnum degi skólans. Eftir það buðu nemendur gestum sínum að skoða verkefni sín í skólastofunni. Við hittum vinabekkinn nokkrum sinnum yfir skólaárið. Unnin voru verkefni sem tengist uppbyggingarstefnunni, einnig voru spilastundir og leikir Skallagrímssgarði.

Að vori var farið í sveitaferð þar sem kúabúið á Hvanneyri og geitfjársetrið að Háafelli var heimsótt. Við heimsóttum líka Héraðsbókasafnið þar sem við fengum kynningu á sumarlestri.

Birgitta M. Eypórsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir



5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

Í árganginum voru 23 nemendur, 11 strákar og 12 stelpur. Umsjónakennarar voru, Arna Einarsdóttir (80%), Sæbjörg Kristmannsdóttir og Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir þriðji kennari (20%). Fanney Þorkelsdóttir þroskaþjálfari sá um sérkennslu ásamt Kolbrúnu Þórhildi Gunnarsdóttur. Sveinbjörg Stefánsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum. Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði, Eva Lára Vilhjálmsdóttir kenndi textílmenn, Þórunn Kjartansdóttir kenndi heimilisfræði og Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Anna Sólrún Kolbeinsdóttir kenndi tónmennt. Elín Matthildur Kristinsdóttir var með slökun eina kennslustund í viku. Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Kristín Frímannsdóttir kenndu leikfimi og sund.

5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi og reglulega voru haldnir bekkjarfundir.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Kennt var samkvæmt aðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Vorum talsvert í hópavinnu og á stöðvum og tókum litla hópa í annað rými. Við hittum vinabekkin okkar ekki eins oft eins og við hefðum viljað vegna Covid en þó hittum við þau í nokkur skipti í leikjum úti, inni að spila og lestri.

5.2 NÁMSMAT

Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og maí. Lagt var fyrir Læsi sem er Lestrarskimun fyrir 2. bekk í nóvember. Hópavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt ásamt kaflaprófum og að vori var vorpróf sem tók á flestum námsþáttum vetrarins.

Í náttúru- og samfélagsfræði var mikil samþætting við byrjendalæsi.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar í vetur, í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð.

Inn á Mentor færðum við inn einkunnir frá A – D á hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, lykilhæfni, náttúrufærði og samfélagsfræði.

5.3 VIÐBURÐIR

Við fórum á Egilssýninguna í Landnámssetrinu.

Heimsóttum ráðhúsið á fund sveitastjóra.

Fengum gesti í skólann, lögregluna, flugstjóra, flugvirkja og flugliða.

Í heimsókn á bókasafnið á kynningu á sumarlestri í Safnahúsinu.

Vorferðin var ferð á Seleyri og í Hafnarskóg.

Arna Einarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir

6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR

Í árganginum voru 28 nemendur, 13 strákar og 15 stelpur. Umsjónakennarar voru tveir, Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir. Fanney Þorkelsdóttir þroskaþjálfari sá um sérkennslu ásamt Guðrúnu Rebekku Kristjánsdóttur. Þórdís Ása Arnfinnsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum. Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði, Eva

Lára Vilhjálmsdóttir kenndi textílmennt, Þórunn Kjartansdóttir kenndi heimilisfræði og Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Anna Sólrún Kolbeinsdóttir kenndi tónmennt. Elín Matthildur Kristinsdóttir var með slökun eina kennslustund í viku og sá um jóгатíma. Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Kristín Frímansdóttir kenndu leikfimi og sund.

6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi og reglulega voru haldnir bekkjarfundir. Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag haft sýnilegt á töflu. Kennt var samkvæmt aðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Talsvert var um hópavinnu og stöðvavinnu.

6.2 NÁMSMAT

Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og maí. Lagt var fyrir prófið „Orðarún“ sem mælir lesskilning í október og apríl. Hópavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt ásamt kaflaprófum og fyrir jól var miðsvetrarpróf og að vori var vorpróf sem tók á flestum námsþáttum vetrarins.

Í náttúru- og samfélagsfræði var mikil samþætting við byrjendalæsi og hópavinna og verkefni og vinnubrögð metin jafnt og þétt.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar í vetur, í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð.

Inn á Mentor færðum við inn einkunnir frá A – D á hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga og tæknimennt.

6.3 VIÐBURÐIR OG FERÐALÖG

Bekkurinn fór í fjallgöngu upp að „Steini“ í Hafnarfjalli að hausti. Farið var í náttúruskoðun og í leiki í Englendingavík, Settutanga og í Skallagrímssgarð. Nemendur fluttu Jólaguðsspjallið á Litlu jólnum, leikritið var tekið upp á myndband að þessu sinni vegna Covid19. Í jólaútlarpinu lásu krakkarnir söguna „Þegar Tröllli stal jólnum“ og söng tvö lög. Vinabekkjjar hittingur var einu sinni þar sem nemendur hittust og fóru í leiki.

Farið var í ruslatínslu í fjörunni við Englendingavík og á Settutanga. Í júní var farið í gönguferð út í Litlu Brákarey með leiðsögn Finnboga Rögnvaldssonar og vorferð á Akranes á Langasand og borðað og leikið í skógræktinni á Akranesi. Einnig var farið í heimsókn á Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þar sem nemendur fengu kynningu á sumarlestri.

Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR

Nemendur í 4. bekk voru 36. Kynjaskiptingin var 16 stúlkur og 20 drengir. Nemendur voru í einum umsjónarhóp í tveimur kennslustofum. Kennslustofur bekkjarins vor í opnu rími og gekk það mjög vel.

Umsjónarkennarar hópsins voru Margrét F. Eggertsdóttir og Guðrún St. Guðbrandsdóttir og kenndu þær íslensku, stærðfræði, ensku, náttúrufræði,

samfélagsfræði, og upplýsingatækni. Íþróttir kenndu Sigrún Ögn Sigurðardóttir, Hanna Sigga Kjartansdóttir og Kristín Frímansdóttir. Textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir, hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir, heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir og myndmennt var í höndum Önnu Sigríðar Guðbrandsdóttur. Anna Sólrún Kolbeinsdóttir sá um tónmenntakennslu. Stuðningsfulltrúi var Jóhannes Magnússon. Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir, Fanney Þorkeldsdóttir þroskaþjálfari og Elísabet Ýr Bjarnadóttir þroskaþjálfari sáu um sérkennslu í hópnum.

7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í öllum námsgreinum og samþættingu námsefnis, sérstaklega í íslensku, samfélags og náttúrufræði og upplýsingatækni. Innlagnir, umræður, einstaklingsbundin verkefnavinna, hópavinna, paravinna, stöðvar, útikennsla, vinna í tölvum o.fl. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Tvisvar yfir veturinn var sérstök heimavinna þar sem markmiðið var að auka hraðlestur og lesskilning.

Nemendum stóð til boða að fara einu sinni í viku í slökun í Búbbbluna hjá Elínu Kristinsdóttur, langflestir nýttu sér alla tímana og einu sinni í viku var boðið upp á jóгатíma.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var kynntur nemendum og unnin voru nokkur verkefni út frá honum. Einnig gerðu nemendur sameiginlegt myndverk þar sem þeir myndgerðu og túlkuðu áhersluatriði sáttmálans – réttindi barna.

Í uppeldi til ábyrgðar, var gerður bekkjarsáttmáli um samskipti, farið yfir hlutverk nemenda og starfsfólks. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur þekktu sínar eigin þarfir og leystu úr ágreiningi á uppbyggilegan hátt með og án aðstoðar starfsfólks.

Bekkjarfundir voru haldnir 1 – 3 sinnum í mánuði. Þar var áhersla á að ræða leiðir til að efla sjálfan sig s.s. styrkleika, jákvætt sjálfstal og viðhorf, að fara út fyrir þægindaramman og róa hugann. Mikið unnið í umræðum þar sem það var lögð mikil áhersla á virðingu fyrir öðrum og framkomu. Unnum einnig með Verkfærakistuna þar sem nemendur tóku 10 tíma í að efla bekkjaranda.

Aðalnámskrá grunnskólans var höfð að leiðarljósi við gerð kennsluáætlana.

7.2 NÁMSMAT

Símat í öllum greinum jafnt og þétt yfir veturinn. Í stærðfræði var lagt miðsvetrarpróf í febrúar og í lok maí tóku nemendur vorpróf þar sem lögð var áhersla á reikniáðgerðirnar fjórar. Lesfimi, hraði og nákvæmni skoðað þrisvar yfir skólaárið. Lesskilningsprófin Orðarún voru lögð fyrir í október og í apríl. Ritun skoðuð sérstaklega og þátttaka í umræðum og hópavinnu metin. Einkunnir og umsagnir birtar nemendum og foreldrum á hæfnikorti inn á Mentor og á vitnisburðarspaldri að vori. Nemenda / foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn í október og í febrúar. Áhersla var á að ræða um framvindu námsins og líðan nemenda.

7.3 VIÐBURÐIR

Haustfundur með foreldrum var haldinn í september. Fjallað var um áherslur vetrarins og mikilvægi lestrarkennslu og heimalesturs. Í jólaútlitum fluttu nemendur viðtöl um jólin áður fyrr þar sem þau tóku viðtal við afa, ömmu, foreldri eða einhvern eldri, einnig sungu þau nokkur gömul jólalög. Nemendur sungu í kór með 3. bekk í helgileiknum á jólaskemmtun sem tekið var upp og send til aðstandenda. Á árshátíð skólans var Disney þema þar sem nemendur í 4. bekk gerðu nokkur stutt atriði sem sameinuðust í lokin með söng. Vorferð bekkjarins var farin í maí að Snorrastöðum í

Kolbeinsstaðahreppi. Þar var gengið upp á Eldborg, vaðið í ánni, grillaðar pylsur og dýrin skoðuð.

Margrét F. Eggertsdóttir og Guðrún St. Guðbrandsdóttir

8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5.BEKKUR

Í upphafi vetrar voru nemendur í 5. bekk 26 talsins, 17 drengir og 9 stúlkur. Ein stúlka kom ný í hópinn í nóvember. Í árganginum voru því 17 drengir og 10 stúlkur í vor. Umsjónarkennarar hópsins voru Ásta Björk Björnsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Sigríður Hrund Hálfánardóttir þroskaþjálfari vann með bekknum 15 stundir í viku og Guðbjörg Konráðsdóttir var stuðningsfulltrúi bekkjarins 2 tíma í viku. Elín Kristinsdóttir námsráðgjafi kom að 3 nemendum í einkaviðtölum. Elín Matthildur Kristinsdóttir velferðarkennari bauð bæði upp á jóga og slökun, hvor tími stóð nemendum til boða í hverri viku. Auk þess tók hún 6 nemendur í einstaklingsvinnu. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Kristín Frímannsdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendum 5. bekkjar bauðst einnig að velja sér viðfangsefni eftir áhugasviði í miðstigsvali á fimmtudögum, unnið var í klukkutíma í senn í 8 vikur í hverju viðfangsefni.

8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Kennslan er byggð á Borgarnesmarkmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Miklar námslegar sérþarfir eru í bekknum og tekur allur undirbúningur og skipulag kennslu mið af því. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir

veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Foreldraviðtöl fóru fram á Teams að mestu leyti. Seinna foreldraviðtalið var nemendastýrt og fannst okkur það takast mjög vel. Áhersla var lögð á jákvæð samskipti, að nemendur færu eftir fyrirmælum og bæru ábyrgð á eigin vinnu. Bekkjarsáttmálinn sem nemendur gerðu sér var: Vertu besta útgáfan af sjálfum þér, og var unnið eftir honum í allan vetur.

8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Megináhersla í kennslunni var á sjálfstæð vinnubrögð, hvort sem nemendur unnu einstaklingslega, í þörum eða hópum. Mikil áhersla var á ritun. Nemendur unnu reglulega sóknarskriftarverkefni og lögð var áhersla á að efla færni nemenda í að byggja upp eigin texta sem og að nýta sér upplýsingatækni til vinnslu og miðlunar verkefna. Unnin voru rauntengd verkefni þar sem nemendur tóku þátt í að skrifa sögur til skrifstofu alþingis í verkefnið Andvari og sendu bréf til sveitarstjórnar tengd verkefni um heimabyggð. Hálfan veturinn gengu nemendur mílu vikulega og voru nemendur flestir sáttir við það uppbrót. Nemendur unnu eftir eigin áætlunum í stærðfræði, einstaklingslega eða í minni hópum, og þurftu þannig að bera ábyrgð á því að ljúka viðeigandi námsþáttum í hverri viku. Stór hópverkefni voru unnin í náttúrufræði og samfélagsfræði, notuð var bæði hefðbundin hópavinna og hópavinna með hlutverkum (samvinnunám). Paravinna var mikið notuð í vetur og hentar mörgum nemendum vel. Útikennsla er aðferð sem hentar stórum hluta nemenda og var nýtt í náttúrufræði og stærðfræði. Kennarar voru með innlagnir en einnig voru nýtt myndbönd um ólík efni. Hlustun var þjálfuð með upplestri og hljóðbókum, nemendur hlustuðu m.a. á verkefnið Skólaslit. Lestur var þjálfður daglega í gegnum yndislestur og lestur á námsefni. 5. bekkur fór á bókasafnið í hverri viku í fjölbreytt verkefni.

8.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, leiðsagnarmati, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

8.4 VIÐBURÐIR

5. bekkur skemmti sér mikið við að taka þátt í jólaútlitum og árshátíðinni. Nemendur lögðu mikla vinnu í þessa viðburði. Við fórum í heimsókn á Héraðsbókasafnið og fengum kynningu á sumarlestrinum. Vorferðalagið heppnaðist mjög vel. Hópurinn fór á kynningu á Þjóðminjasafninu og síðan á skauta í Egilshöll.

Ásta Björk Björnsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir

9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR

Nemendur voru 31 við lok 6. bekkjar en 30 nemendur hófu nám í haust.

Kynjaskiptingin var 16 stúlkur og 15 drengir. Umsjónarkennarar hópsins voru Helga Harðardóttir og Bjarni Bachmann. Báðir kennarar sáu um kennslu allra námsgreina, en hópnum skipt í 2 kennslustofur. Nemendur fóru reglulega milli stofa.

Stuðningsfulltrúi var Guðbjörg Konráðsdóttir sem kom inn í bekkinn að hluta til.

Sérkennsla var í höndum Elísabetar Ýrar Bjarnadóttur og tók hún 1-2 nemendur út

kennslustund í senn, 3 daga í viku. Elín Kristinsdóttir var með velferðarkennslu í

Búbblu einu sinni í viku fyrir bekkinn í fámennum hópum. Elín Kristjánsdóttir

námsráðgjafi kom að nokkrum nemendum með viðtölum.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Kristín Frímansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir

kenndu 6. bekk íþróttir og sund í vetur. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir,

myndmennt Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt Eva Lára Vilhjálmisdóttir og

hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendur 6. bekkjar voru í vali á hverjum fimmtudagsmorgni. Nemendur völdu sér fjögur ólík viðfangsefni yfir veturinn. Kennsla var á höndum kennara af miðstigi og list-og verkgreinakennara.

9.1 HELSTU ÁHERSLUR , KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og mars þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Nemendaviðtöl voru tekin einu sinni í vetur, þar sem rætt var við nemendur um líðan í skólanum.

9.2 NÁMSMAT

Lögð var áhersla á fjölbreytt námsmat. Námsmat var byggt á sjálfsmati nemenda, símati á vinnu og verkefnum, verkefnabókum, könnunum, munnlegum og skriflegum. Lögð var áhersla á að mat væri leiðbeinandi og nemendamiðað.

9.3 VIÐBURÐIR

Nemendur 6. bekkjar fóru í Reykholt í Borgarfirði á vormánuðum. Fengu afar áhugaverða fræðslu um Reykholt og Snorra Sturluson. Bekkurinn fór í sund á Varmalandi á heimleið. Tveir kósýdagar, sund- og ísferð tengdust lestrarmarkmiðum en lokamarkmiðinu (100 þús. blaðsíður) sem náðist í lok maí var fagnað í keilu og pizzaveislu í Reykjavík. Allur hópurinn fór í hjólaferð og náttúruskoðun í Einkunnum í maí.

Töluverð vinna og tími fór í undirbúning fyrir jólaútlit Óðals og leikatriði á árshátíð skólans í Hjálmakletti.

Helga Harðardóttir og Bjarni Bachmann

10. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR

Í upphafi vetrar voru nemendur í 7. bekk 31 talsins, 14 drengir og 17 stúlkur. Einn strákur bættist við hópinn upp úr áramótum og urðum við þá 32 talsins.

Umsjónarkennarar hópsins voru Franziska Jóney Pálsdóttir og Viktor Már Jónasson.

Franziska sá um íslenskuna, Viktor um stærðfræðina. Önnur fög unnu kennarar sameiginlega að. Elísabet var sérkennari bekkjarins og Guðbjörg Konráðsdóttir var stuðningsfulltrúi bekkjarins. Þar að auki nýttum við Elínu Matthildi Kristinsdóttir velferðarkennara sem tók ákveðna nemendur í einstaklingsviðtöl yfir veturinn ásamt því að taka tvo hóptíma yfir veturinn með ákveðnum stúlnahóp.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Kristín Frímansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendur 7. bekkjar voru einnig í miðstigsvali sem var á fimmtudögum, klukkutíma í senn og var hvert val í 6 vikur. Mismunandi viðfangsefni voru í boði í hverri lotu.

10.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það.

Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Bæði foreldraviðtölin voru nemendastýrð og fannst okkur það takast mjög vel og er

ætlunin að nota eingöngu nemendastýrð viðtöl næsta vetur. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og tileinkuðu sér samkennd.

10.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum.

10.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, leiðsagnarmat, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

10.4 VIÐBURÐIR

Hópurinn fór í 5 daga bekkjarferð í Reykjaskóla dagana 14.-18. febrúar og var hápunktur skólaársins hjá mörgum nemendum. 29. apríl fór 7. bekkur í „Sjóferð um sundin“ á vegum Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Ferðin gekk einstaklega vel upp og endaði hópurinn í Egilshöll þar sem boðið var upp á pizzuveislu og keilu.

Einnig tóku nemendur þátt í jólaútvarpinu í desember, árshátíð og Stóru upplestrarkeppninni. Haldin var innanskólakeppni í febrúar þar sem fulltrúar skólans voru valdir fyrir lokakeppnina sem fór fram í mars. Í lokakeppninni áttum við fulltrúa sem náði 3. sæti.

Franziska Jóney Pálsdóttir og Viktor Már Jónasson.

11. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR

Nemendur í 8. bekk voru í upphafi skólaárs 40, svo bættist við einn pólskur nemandi í nóvember.

Umsjónarkennarar hópsins voru Bjarney Bjarnadóttir, Dagmar Mýrdal Harðardóttir og Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir. Bjarney, Dagmar og Sóley kenndu íslensku og voru með umsjónartíma en auk þess kenndu Bjarney og Sóley samfélagsfræði og Dagmar kenndi dönsku ásamt Hönnu Siggú Kjartansdóttur. Jónína Guðrún og Kristín Amelía voru skráðar sem stuðningsfulltrúar árgangsins, en það gagnaðist hópnum lítið sem ekkert vegna þess hve mikið þær voru í gæslu á öðrum stigum. Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir kenndu stærðfræði, Amelía Christine Scholl, Haraldur Már Stefánsson og Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir kenndu ensku. Kristín Frímansdóttir, Haraldur Már Stefánsson og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði. Helena Björk Guðmundsdóttir sá um þá nemendur sem þurftu sérkennslu, í íslenskutímum sá hún nánast eingöngu um pólsku nemendurna. Nemendur 8. bekkjar völdu sig í þriðjudagsval sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 6-8 vikur. Einnig voru smíðjuhelgar tvisvar yfir veturinn frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi.

11.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámsskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð

á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins og að nemendur tileinkuðu sér samkennd. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð.

11.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Að mestu stuðst við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu.

11.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

11.4 VIÐBURÐIR

Nemendur 8. bekkjar fóru í ferð á Reyki í september þar sem ferðin hafði fallið niður í 7. bekk vegna Covid, sleppt var ferð í Skorradal í staðinn.

Leiksýningin Vloggið í Hjálmakletti í september.

Farið var í skíðaferð á Sauðárkrók í febrúar og var það afar vel heppnuð ferð.

Tæknimessa á Akranesi var í mars.

Nemendur fóru á leiksýninguna Hunangsflugur og villikettir sem 10. bekkur í Grundaskóla setti upp.

Nemendur tóku þátt í árlega jólaútlitum í desember.

Stelpur filma var haldið í tengslum við RIFF í mars og var góð þátttaka í því.

Útivistardagur var 23. maí, farið var með allt unglíngastig í gönguferð að Hreðavatni, talað var um að labba næst frá Grábrók og niður að Hreðavatni.

Bjarney Bjarnadóttir, Dagmar Mýrdal Harðardóttir og Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

12. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR

Nemendur í 9. bekk voru 31, þar af var einn nemandi sem byrjaði ekki í upphafi skólaárs heldur í byrjun nóvember. Umsjónarkennarar hópsins voru Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margét Skúladóttir og kenndu þær báðar stærðfræði, samfélagsfræði og lífsleikni í bekknum. Bjarney Bjarnadóttir og Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir kenndu íslensku, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir kenndu dönsku og Amelía Christine Gunnarsdóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu ensku. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir, Kristín Frímansdóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu íþróttir og sund. Nýsköpun kenndu Þórunn Kjartansdóttir, Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, Eva Lára Vilhjálmsson og Margrét Skúladóttir. Nemendur 9. bekkjar völdu sig í þriðjudagsval sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 6-8 vikur. Einnig völdu nemendur sig í smiðjur, en smiðjuhelgar voru tvisvar yfir veturinn frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi.

12.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrir mælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

12.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu. Áhersla var lögð á teymisvinnu kennara þar sem því var við komið.

Samræmd könnunarpróf voru lögð niður í ár og því þreyttu nemendur þau ekki.

12.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

12.4 VIÐBURÐIR

Nemendur 9. bekkjar fóru í fjóra daga í skólabúðir að Laugarvatni vikuna 18. – 21. október (komu degi fyrir heim vegna covid-smits), tóku þátt í móttöku kennara frá Tékklandi vikuna 14. – 18. mars og 1. júní fór 9. bekkur í heimsókn á Hernámssetrið í Hvalfirði.

Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlitum (í desember) og útivistardegi 23. maí.

Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir

13. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR

Nemendur í 10. bekk voru 45 í upphafi vetrar. Umsjónarkennarar hópsins voru Amelía Christine Gunnarsdóttir og Haraldur Már Stefánsson. Umsjónarkennarar kenndu í teymi ensku, samfélagsfræði, upplýsingatækni og lífsleikni í bekknum. Sérkennsla var í höndum Helenu Bjarkar Guðmundsdóttur og Amelíu. Hildur

Hallkelsdóttir kenndi náttúrufræði. Dagmar Mýrdal Harðardóttir, Bjarney Bjarnadóttir og Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir kenndu íslensku. Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir kenndu stærðfræði. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Dagmar Mýrdal Harðardóttir kenndu dönsku. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Haraldur Már Stefánsson og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir og Margrét Skúladóttir kenndi smíði. Nemendur 10. bekkjar völdu sig í þriðjudagsval, sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 4-8 vikur. Það voru tvær smiðjuhelgar í vetur sem var frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi.

13.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Foreldraviðtöl voru einnig í boði í gegnum Teams. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirætlum, temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

13.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi,

lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu. Áhersla var lögð á teymisvinnu kennara þar sem því var við komið.

13.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum, lokaverkefnum skilað með fjölbreyttum hætti.

13.4 VIÐBURÐIR

Nemendur 10. bekkjar fóru í haustferð í september til Reykjavíkur. Þar var farið í Skemmtigarðinn, Reykjavík Escape og Minigarðinn. Vel heppnuð ferð og talað um ferðina út skólaárið.

Nemendur tóku þátt í jólaútvarpi í desember, þemadögum, undirbúningsviku fyrir árshátíð og árshátíð skólans. Þeir völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árshátíðina, annað hvort í leiklist, tónlist, sviðsmynd, skreytingar, hár/förðun og búninga.

Tæknimenn voru sérstaklega valdir af kennurum. Sett var upp stutt útgáfa af Lion King og tókst það vel og voru nemendur og kennarar stoltir. Sýningin fór fram í Hjálmakletti þar sem loksins var hægt að bjóða aðstandendum. Vel var mætt á sýningarnar sem tókust vel.

Dagana 7. – 11. mars fóru nemendur á Laugarvatn í ungmennabúðir UMFÍ. Þar var farið í ýmis konar hópeflisleiki og voru nemendur ánægðir með ferðina.

Útivistardagur unglíngastígs voru 23. og 24. maí, en þá var gengið meðfram Hreðavatni í frábæru veðri. Nemendur höfðu með sér nesti og var komið heim í hádegismat. Fótboltakeppni var haldinn á unglíngastíginu 24. maí og var liðsliturinn blár. Eftir hádegi sá nemendafélagið um stigaleik þar sem allskonar þrautir voru skipulagðir og skipt var í hópa.

Að lokum fór 10. bekkur í þriggja daga skólaferðalag í Skagafjörðinn 30. maí – 1. júní þar sem farið var á Bakkaflöt í river rafting, paintall, skotfimi, loftbolli og þrautabraut. Dásamleg ferð með frábærum nemendum í frábæru veðri.

Amelía Christine Gunnarsdóttir og Haraldur Már Stefánsson

14. SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA

Allir bekkir frá 1. – 10. bekk voru með 2 tíma á viku í 40 mínútur í senn.

Árgöngunum er skipt í 2 – 3 hópa eftir stærð. Á meðan einn hópur er í sundi eru hinir tveir í leikfimi.

Þegar liðið var á árið prófuðum við að hafa 2. bekk allan saman í öllum tímum.

Kennslan fór fram í íþróttahúsinu, en bæði á haustin og vorin er farið út ef veður leyfir.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kynna allar íþróttagreinar, leiki, styrktaræfingar, þol, snerpu, liðleika o.fl.

Ólympíuhlaup Íslands (Norræna skólahlaupið) var hlaupið í september.

Ofurbekkjaleikar fyrir unglíngastig voru haldnir að hausti.

Skólinn tók ekki þátt í Lífshlaupinu í ár.

Nemendur tóku ekki þátt í skólahreysti í maí.

Vorskólinn kom í maí.

Miðstigsleikum var frestað til næsta hausts.

Íþróttakennarar skipuleggja skólaslit á vorin.

Kennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir, Kristín

Frímannsdóttir og Haraldur Stefánsson.

14.1 NÁMSMAT

Frammistöðumat yfir skólaárið þar sem horft er á t.d. virkni í tímum, áhuga, vinnubrögð, samstarf og virðing fyrir skólafélögum og kennurum, mætingu.

Multistages Fitness test(Píp – þolpróf) er tekið einu sinni að hausti og einu sinni að vori fyrir 3.-10 bekk og er haft til hliðsjónar í námsmati.

14.2 SUNDKENNSLA

Allir bekkir frá 1.-10.bekk fá 1 x sund í viku.

Bekkjunum er skipt í hópa eftir fjölda nemenda í bekk, elstu bekkirnir eru kynjaskiptir.

Kennslan fór fram í innilaug og rennibrautalaug hjá yngstu nemendum en aðallega í útilaug hjá elstu nemendum. 5. bekkur og uppúr eru aðallega úti.

Í kennsluni er lögð áhersla á að kenna nemendum allar sundaðferðir, bæði í gengum tækniæfingar og í leik. Áhersla á ýmis atriði sem koma fyrir í sundstigi hvers bekkjar.

Einnig fórum við í ýmsa sundknattleiki, vatnsleikfimi og fleira samkvæmt Aðalnámsskrá.

Sundkennari fer alltaf ofan í laug með 1.bekk og jafnvel öðrum bekkjum ef þörf er á.

Fatasund var í vor fyrir 5. og 9.bekk

14.3 NÁMSMAT

Markmið aðalnámsskrá grunnskóla, sundstig og frammistaða í tímum yfir veturinn er til hliðsjónar við lokaeinkunn að vori.

Sundstig auk frammistöðu í tímum yfir veturinn gefur svo lokaeinkunn að vori.

Kennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir.

15. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

Deildarstjóri sérkennslu skólaárið 2020-2021 var Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður sérkennslumála, heldur utan um skipulag sérkennslu, teymisfundi og ber faglega ábyrgð á sérkennslu innan skólans.

15.1 NEMENDATEYMI

Í sérkennslunni, eins og öllu öðru skólastarfi, er lögð mikil áhersla á gott samstarf heimilis og skóla. Þar sem þurfa þykir eru starfandi teymi um málefni nemenda. Mismunandi er hve teymin hittast of yfir veturinn, en algengast er að það sé á um það bil sex til átta vikna fresti. Á fundunum er farið yfir stöðuna, sameiginlega línur lagðar og áherslur mótaðar. Fulltrúar frá félagsþjónustunni, heilsugæslu og/eða sérfræðiþjónustu skóla sitja í þeim teyimum sem við á. Teymin eru mönnuð í samvinnu við foreldra. Mikil áhersla er á að koma sem best til móts við þarfir nemenda á heilrænan hátt.

15.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

Í Grunnskólanum í Borgarnesi er lagt upp úr því að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á séraðstoð að halda. Aðstoð er aðlöguð að þörfum hvers og eins. Um getur verið að ræða vanda með nám, félagslega stöðu, líðan eða eitthvað allt annað. Tímabil stuðnings getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins. Nemendur með frávík í námi fá aðlagð námsefni og/eða stuðning, innan eða utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur svo þeir nái að halda í við bekkjarfélaga en í öðrum er betra að fara hægar yfir. Í einstaka tilfellum er veitt undanþága frá fögum en það er ávallt gert í samráði við foreldra/forráðamenn. Nemendur með tilfinninga- og/eða hegðunarörðugleika fá stuðning eftir þörfum.

Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku, stærðfræði og ensku. Brugðist er við félagslegum vanda með félagshæfnisögum og félagslegri þjálfun og við tilfinningalegum vanda er CAT kassinn notaður ásamt reglulegum viðtölum, félagshæfnisögum og tímum í Búbbblunni, sem lesa má um á öðrum stað í skýrslunni. Á yngsta stigi (1.-4. bekkur) var áherslan lögð á lestrarþjálfun og talnaskilning. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir eða í litlum hópi. Einnig starfar sérkennari með nemendum inni í kennslustundum. Allt eftir því hvað hentar best hverju sinni. Þroskaþjálfar eru í teyrum í 1. – 5. bekk og liðsinna þá nemendum inni í bekk auk þess að sinna þjálfun utan bekkjar.

Í 5.-7. bekk voru nemendur oftast í litlum hópum hjá sérkennara eða þroskaþjálfra, ýmist inni í kennslustofu, á miðrými miðstigs eða í námsveri.

Fyrirkomulag sérkennslunnar í unglingadeild var með þeim hætti að sérkennslutímar voru kenndir í hóptímum í bekkjarstofu eða í námsveri.

Stuðningsfulltrúar komu að lestrarþjálfun, námsaðstoð og stuðningi almennt á öllum stigum.

15.3 SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september og nemendur 9. bekkjar í mars. Allir nemendur þreyttu próf, þeir sem voru með undanþágu frá samræmdu prófi, leystu próf frá sérkennara. Nemendur voru almennt ánægðir með að leysa prófin rafrænt og lögðu sig fram við að leysa verkefnin af metnaði og áhuga. Mjög gott fyrir skipulag kennslu að niðurstöður út prófum 4. og 7. bekkjar liggja fyrir seint að hausti. Þá er hægt að nýta niðurstöðurnar til að bregðast við eins og þarf með því að endurskoða stuðning og/eða sérkennslu og breyta áherslum í námi og/eða kennslu.

Hjá 4. bekk í íslensku kom fram að prófþættir eru nokkuð jafnir, árangur nokkur jafn og betri en á landsvísu. Í stærðfræði hjá 4. bekk voru þeir þættir sem prófaðir eru;

tölur og talnaskilningur, reikniaðgerðir og rúmfræði, nokkuð jafnir og árangur betri en á landsvísu.

Í 7. bekk eru framfarir nemenda svipaðar og almennt á landsvísu, en árangur í heild lakari en á landsvísu. Lesskilningur var nokkuð jafn yfir hópinn en málnotkun slakari. Í stærðfræði var það þátturinn rúmfræði og mælingar sem reyndist nemendum erfiðari en aðrir þættir.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum funduðu umsjónarkennarar og deildarstjórar og lögðu drög að úrbótaáætlun, með breytingum á stuðningi, eftir því sem þurfa þótti.

Í 9. bekk var á áætlun að leggja fyrir nemendur samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku í mars. Verulegir tæknilegir örðugleikar hjá Menntamálastofnun komu fram við fyrirlögn íslenskuprófsins, og í framhaldi af því var samræmdum prófum í stærðfræði og ensku frestað. Nemendum sem það kusu bauðst að taka þau próf seinna í mars og þá á pappír. Í íslensku var árangur nemenda aðeins lakari en á landsvísu.

16. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

16.1 MARKMIÐ

Markmið ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Notast er við hæfniviðmið aðalnámskrár í mati á nemendum.

16.2 UPPBYGGING KENNSLUNNAR/KENNSLUAÐFERÐIR

Í textílmennt var skapandi vinna höfð að leiðarljósi. Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Verkefnin eru útskýrð og nemendum er kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Hugmyndir eru

gjarnan skoðaðar á skjá og nemendur vinna svo eftir verklýsingum sem gerðar hafa verið. Nemendur þurfa að skrifa nafn sitt uppá töflu svo allir fái aðstoð eftir þörfum. Rík áhersla er lögð á góða umgengni í stofu og frágang.

Árgöngum var skipt ýmist í 2. 3. eða 4. hópa þar sem 10-15 nemendur voru í hverjum hóp. Vetrinum var skipt í 9 lotur hver lota var 4 vikur. Fyrir áramót voru lotur 1-3 hefðbundnar, fjórða lotan var jólalota, eftir áramót voru 5 lotur. Í upphafi vetrar ákváðum við að vera með jólalotu þar sem hver hópur var hjá okkur í viku og gafst nemendum þá væri að fara í allar list og verkgreinarnar og gera afmarkað verkefni. Þetta var mikil vinna en heppnaðist heilt yfir mjög vel. að 1. og 2. bekkur komu einu sinni í viku í 60 mínútur. 3. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 4. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 5, 6. og 7. bekkur komu tvisvar í viku í 100 mínútur og einu sinni í 80 mínútur. 8.-10. bekkur komu einu sinni í viku í 120 mínútur. 8 bekk. Nemendur í 9. bekk unnu að nýsköpunarverkefni. Verkefnið fól í sér að hanna eða skapa vöru, búa hana til, hanna umbúðir og vörumerki. Á opnum degi var afraksturinn kynntur og nemendur útskýrðu fyrir gestum hvernig ferlið var frá hugmynd að vöru, vörurnar voru til sölu og ágóðinn fór í ferðasjóð.

16.3 NÁMSEFNI/GÖGN

Stuðst er við kennslubækur um textílmennt, bækur og blöð með uppskriftum, ásamt ýmsum hugmyndum sem hægt er að finna á netinu t.d. pinterest.

Verklýsingar með útskýringum eru gerðar í upphafi svo að nemendur geta unnið sjálfstætt eftir þeim.

Verkfæri og áhöld textílmenntstofunnar eru notuð ásamt helstu textílefum s.s. léreft, ull og flís. Allir afgangar af textílefum eru endurunnir og verða t.d að troði í púða og bangsa.

- 1. bekkur gerir útsaumaða mynd, nota helst aftursting. Búa til einfalda möppu og sauma út uppbyggingatákn.
- 2. bekkur saumar einfalda handbrúðu nota aftursting, læra að krosssauma og gera lítil verkefni.
- 3. Bekkur málar og saumar út mynd sem verður púði, þá læra þau nokkur útsaumsspor. Þau læra á saumavélar og notast þar við verkefni frá Sigrúnu Önnu Ólafsdóttir Leikniæfingar í vélsaumi.
- 4 bekkur hannar og saumar figúrur, þau sjá teiknaða mynd verða að prívíðum hlut og þar þjálfast þau mikið í vélsaum. Önnur smærri verkefni eru unnin eins og krossaumur og vinabönd.
- 5. Bekkur hannar og saumar bakpoka. Þau læra nokkrar aðferðir við skreytingu á textíl, læra á overlökkvél og þjálfast í að nota straujárn. Í seinni lotunni læra þau að fitja upp og prjóna.
- 6. Bekkur hannar pennaveski. Það reynir mikið á sköpunargáfur, útsjónasemi og nákvæmni. Í lok lotunnar fá þau að prjóna eða sauma einfalda aukahluti eins og eyrnabönd.
- 7. Bekkur saumar buxur.
- 8. bekkur fengu ýmist að klára verkefni eða gera stuttermaboli og skreyta hann með útskorinni vínílfilmu úr svokölluðum vínílskera .
- 9. bekkur var í nýsköpunarverkefni og uppbyggingastefnu plata
- 10. Bekkur. Nemendur fengu að velja sér verkefni.

Textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir

16.4 NÁMSMAT

Unnið var eftir hæfniviðmiðum aðalnámsskrá, Borgarnes útfærslu. Hæfniviðmið voru uppfærð og við bættust lykilhæfniviðmið. Öll hæfniviðmið eru metin í bókstöfum A, B+,B,C+, C og D og ein lokaeinkunn gefin í bókstöfum á vitnisburðarblað. Við mat á 10. Bekk er gefin sameiginleg einkunn í verkgreinum.

16.5 ALMENNT HORFT YFIR SKÓLAÁRIÐ

Skólaárið byrjaði vel, flest allir komnir með tvöfalt bóluefni, kennsla var með hefðbundnu sniði, starfsfólk með grímu. Veikindi barna var áberandi í kringum jól og áramót.

Samstarf list og verkgreinakennara var frábært og skipulögum við t.d jólalotu og gekk hún mjög vel og var almenn ánægja með þessa nýbreytni.

Eva Lára Vilhjálmsdóttir

17. SKÝRSLA HÖNNUNNAR OG SMÍÐA

Margét Skúladóttir kennir sinn þriðja hönnun og smíði. Kennsla byrjaði vel, en þar sem Covid 19 var enn í samfélaginu var hugað vel að öllum sóttvörnum og hélt skólinn úti eðlilegri list og verkgreina kennslu fram að áramótum. Eina breytingin var að í des var jólalota þvert á stig þar sem allir hópar fengu að koma eina viku í allar list og verkgreinarnar og vinna verk sem tengjast jólunum. Eftir áramót hélt svo áfram venjulegt lotu starf þar sem nemendur komu í seinni lotuna.

Allir árgangar í Grunnskólanum í Borgarnesi sóttur tíma í Hönnun og smíði alls um 315 nemendur. Engin breyting var á kennslustofunni í upphafi vetrar en fljótlega var farið að vinna að breytingum og var meirihlutinn kláraður í sept./okt. Skipulag kennslu var

byggt á vinnu/sköpun/hönnun. Farið vara yfir orð og hugtök sem tengdust sköpun og hönnun og nemendur látnir gera verklýsingar, segja frá og ræða um þau verkefni sem gerð voru. Yngstastigi 1.-4. bekk nemendur vinna verkefni sem er skipulögð af kennara. Miðstig 5. bekk er verkefni í fyrstu lotu skipulagt af kennara tengt við víkingapema sem þau eru að vinna inni í bekk, en í seinni lotu 5. bekkja og báðum lotum 6.-7. bekk hanna og velja nemendur verkefni sjálf af netinu eða úr hugmyndarmöppu kennara. Unglingastig 8.-10. bekk hafa nemendur mjög breitt og frjálst val á verkefnum í samráði við kennara. Mikil áhersla er lögð á að nemendur í öllum árgöngum að 1. bekk undan skildum geri nákvæmar verklýsingar við öll verkefni.

17.1 ÁRGANGA/HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI:

1. bekkur, 23 nemendur, 2 hópar.

-Fyrri lota: Lærum að reima skóna okkar, nemendur koma með skóinn sinn og fótsporið er sagað út, þau pússa og setja í reimar, nemendur skreyta og mála (læra að reima skó). Pappa mósaík límt á pappakassa/ óskaskrín skreytt, perlað háls og armbönd sem sett eru í. Í lok lotunnar var farið í fjöruferð þar sem nemendur týndu óskasteina til að setja í kassann.

-Seinni lota: Pússa smjörhníf úr við og krítatafla þar sem nemendur saga horn af krossviðarplötu 30x30 cm með laufsög, pússa, mála og bora gat f krít og klút.

2 bekkur, 29 nemendur, 3 hópar.

-Fyrri lota: Púsl á krossviðarplötu 22x22cm pússa og mála síðan velja þau mynd í tölvu og færa hana yfir á plötuna með kalkipappír eða teikna fríhendis. Mála og saga í púsl bita með laufsög og þeir pússaðir. Púslíð sett í pappa öskju með mynd af púslí á lokinu. Verklýsing

-Seinni lota: Nemendur nota afsögunnar búta og kubba ásamt viðá perlum til að hanna sinn eigið kubba kall/dýr/figúru. Þar þarf að pússa, mála og bora einnig líma eða þræða vír/band til að halda bútonum samann. Verklýsing

3 bekkur, 38 nemandi, 4 hópar.

-Fyrri lota: Kubba púsl. Nemendur velja milli hvort þau noti 2,5x2,5cm og 4,5x4,5cm breiða stangir þau velja að gera púsl úr 4 eða 9 kubbum, saga kubbana og pússa. Velja myndir í tölvu eða teikna fríhendis. Síðan er gerður bakki undir púслиð. Verklýsing.

-Seinni lota: Leikfanga spaða með teygju og dúsk/frauðkúlu. Krossviðarplata ca A4 að stærð saga út með laufsög og pússa. Mála og skreyta með mynd. Bora fyrir bandi og þræða á dúskinn. Verklýsing.

4 bekkur, 21 nemendur, 2 hópar.

-Fyrir lota: Mósaík hita platti. Nemendur velja form á plattann sem er úr grenikrossvið ca. A5 blað að stærð og hvort þau vilja hafa plattann ferkantaðan eða hvor þau vilja saga út með kennara í stingsög það form sem þau velja að hafa, saga og pússa. Síðan velja þau gler flísar til að líma í það munstur/mynd sem valið var. Fúa með kennara. Verklýsing.

-Seinni lota: Plötu púsl.eða Milla .Nemendur fá að velja milli tveggja verkefna. Plötupúsl eru tvær krossviðar plötur A4 pússa kanta og saga út grunnflöt á púslinu setja saman ramma og botnplötu, hanna/teikna mynd eða velja af netinu teikna/mála, pússa og saga.

Milla er gerð úr krossviðar plötu með römmum og 10 kubbum sem eru málaðir og skreyttir með mynd 5 og 5 með hvora mynd/lit Verklýsing.

5 bekkur, 28 nemendur, 2 hópar.

-Fyrir lota: Unnin i samstarfi við umsjónarkennara og samfélagsfræði þar sem unnið er með víkinga þema og gerð sverð, hnífar, leðurpyngja, rúnir, perlu-, hálsfestar. Verklýsing.

-Seinni lota: Nemendur velja ýmis verkefni eða hanna, bíla, hús, púsl, Minedcraft og Among us fígúrur, m.m. Verklýsing.

6 bekkur, 30 nemendur 3 hópar.

-Fyrri lota: Verkefni að eigin vali þar sem námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. T.d. kistill, spegill, myndir með ramma, púsl og ýmsar fígúrir. Verklýsing.

-Seinni lota: Haldir áfram með verk úr fyrri lotu eða byrjað á nýu með námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. Verklýsing.

7 bekkur, 31 nemendur, 3 hópar, kynjaskipt.

-Fyrri lotu: Verkefni sem nemendur velur, teikna eða hanna, þar sem námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. T.d. kistill, spegill, myndir með ramma, púsl og ýmsar fígúrir. Verklýsing.

-Seinni lota: Haldir áfram með verk úr fyrri lotu eða byrjað á nýu með námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. Verklýsing.

8 bekkur, 39 nemendur, 4 hópa.

-Fyrri lotu: Verkefni sem nemendur velur, teikna eða hanna, þar sem námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. T.d. kistill, spegill, myndir m ramma, púsl og ýmsar fígúrir. Verklýsing.

-Seinni lota: Haldir áfram með verk úr fyrri lotu eða byrjað á nýu með námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. Verklýsing.

9. bekkur , 36 nemendur, nem ekki skipt niður fyrr en eftir áramót.

Nýsköpun (sjá áfanga/verkefna lýsingu um nýsköpun.) teymis vinna milli allra list og verkgreina kennara.

10. bekkur, 44 nemendur, 4 hópar.

-Fyrri lotu: Verkefni sem nem velur, teikna eða hanna, þar sem námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. Verklýsing.

-Seinni lota: Haldir áfram með verk úr fyrri lotu eða byrjað á nýju með námsmarkmið og hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru höfð að leiðarljósi. Verklýsing. Einnig fengu nem að kynna og vinna með 3D prentara og 3D penna.

17.2 KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT

Kennsla skipulögð með hæfni viðmið og markmið úr Aðalnámskrá grunnskóla að leiðarljósi, nemendum er kennt að greina og velja verkefni út frá hæfni viðmiðum. Með auknu einstaklings vali á verkefnum er verið að koma til móts við nemendur og að hver nemendur fái að njóta sín og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat þar sem inn í námsmat er talið t.d sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi, umgengni, samvinna, frágangur og verklýsing. Nemendur eru þjálfaðir í að taka ábyrgð á eingin námi sem og hegðun og vinnusemi. Verklýsingar gerðar við hvert verkefni. Kennsluaðferðir eins og leiðsagnamat og símat.

17.3 SKIPULAG

Unnið er í 9-13 mennda hópum og kemur hver hópur tvisvar á vetri, lota 1 haust önn og lota 2 vor önn. Eina breytingin er að fjórar vikur í nóv./des. voru settar í jólalotu þar sem allir nemendur fengu að koma í eina viku f jólafrí, kennarar skipulögðu verk tengd jólunum(tókst vel). Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að fara eftir fyrirmælum, tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, geti sagt frá verkefnum, gert af því teikningu og útskýrt hvernig það var unnið.

Vegna Covid 19 og sóttvarna var lotu tvö og þrjú á haustönn breytt örlítið vegna sóttvarna hólfa en nemendur héldu sínu striki og vara enginn röskun á vinnu nemenda.

17.4 VIÐBURÐIR

Opið hús þar sem nemendur í 9 bekk kynntu vinnu sína í nýsköpun.

Kennari í hönnun og smíði haust/vor 2021-2022

Margrét Skúladóttir

18. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í heimilisfræði frá 2. til 10. bekk.

Nemendur er skipti í hópa eftir stærð árganga. Lagt var upp með að allir hópar væru 4 vikur að hausti og 4 vikur að vori. Auk þessa var bryddað upp á þeirri nýjung að hafa jólalotu fyrir alla árganga, þar sem hver hópur kom eina viku og vann að jólalegum verkefnum, eins að piparköku og lagtertubakstri

- 2. bekk er skipt í tvo hópa með 11 og 12 nemendum í hvorum. Þau mæta einu sinni í viku í 60 mínútur í senn. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 2*, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinlæti í eldhúsum.
- 3. bekk er skipt í þrjú hópa, með 10 nemendum í hverjum hóp. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 3*, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinæti í eldhúsinu og næringarfræði. Auk þess er notast við aukaefni frá kennara.
- 4. bekk er skipt í þrjú 12 nemenda hópa. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mín í hvort sinn. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 4*. þar má finna einfaldar

uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinæti í eldhúsinu, heimilisstörf og næringarfræði.

- 5. bekk er skipt í tvo hópa með 13 og 14 nemendur í hvorum hóp. Þau mæta einu sinni í 100 mínútur og einu sinni í 80 mínútur á viku. Stuðst er við námsefnið *Gott og gagnlegt 1*. Þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinæti í eldhúsinu og næringarfræði.
- 6. bekk er skipt í þrjá hópa, 10 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 100 mínútur og einu sinni í 80 mínútur. Stuðst er við námsefnið *Gott og gagnlegt 2* en einnig er notaðar uppskriftir á netinu og verkefni frá kennara. Áherslur á þjóðlega rétti, umhverfisvitund í eldhúsinu og frágang og sjálfmat með sérstökum matsblöðum sem voru fyllt út í lok hverrar kennslustundar.
- 7. bekk voru þrír hópar. Einn stúlkna hópur með 10 nemendum, einn drengja hópur með 10 nemendum og einn blandaður hópur sömuleiðis með 10 nemendum. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 80 mínútur og einu sinni í 100 mínútur. Stuðst er við námsefnið *Gott og gagnlegt 3* en einnig er notaðar uppskriftir á netinu.
- 8. bekk er kynjaskipt að hluta í 4 hópa. Nokkuð ójafnt var í hverjum hóp en var það gert til að taka bæði tillit til innbyrðis samskipta í nemendahópnum sem og að setja saman hópa þar sem fyrirferða miklir einstaklingar taki ekki yfir og á kostnað hinna. Í heild voru 40 nemendur í árganginum. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Stuðst var við námsefni frá kennara og áhersla á þrif, næringarfræði og heimilislega rétti.
- 9. bekk var farið í nýsköpunar verkefni með öllum list og verkgreinunum. Þar sem nemendur fóru í gegnum ferli nýsköpunar og völdu sér síðan verkefni til að vinna áfram sem átti að snerta á sem flestum greinum. Markmið

verkefnisins var að kynna fyrir nemendum hugmyndafræðina á bak við nýsköpun og ferlinu sem þar liggur á baki. Efla sjálfstæði þeirra og getu til að vinna að sameiginlegu markmiði með hóp. Þróa verkefni áfram og endurbæta það. Nemendur þurftu að hanna vöru og skapa henni vörumerki, finna umbúðir við hæfði, skilgreina markhóp vörunnar og tilgang hennar. Verkefna skil voru á formi full unninnar vöru og skýrslu um vinnuferlið. Á opnu húsi var afraksturinn kynntur fyrir gestum opna hússins og boðinn til kaups.

- Seinna verkefnið sem nemendur í 9. bekk unnu var í tengslum við uppbygginga stefnu sem skólinn vinnur eftir og tilgangur þess var að hver nemandi fyrir sig liti inn á við og skoðaði þarfir sýnar og styrkleika, leyfði sköpun og listfengi að njóta sín í platta gerð og velti fyrir sig hver er ég og hvað skiptir mig máli.
- 10. Bekkur var skipt í 4 hópa. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Stuðst var við námsefni frá kennara og áhersla á þrif, næringarfræði og kostnað. Hvor hópur fékk að velja hvað verkefni væri lögð fyrir með hliðsjón af hæfniviðmiðuð og þurfti hópurinn að koma sér saman um verkefni og rökstyðja hvernig verkefnin ríma við viðmiðin.
- Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir

18.1 KENNSLUADFERÐIR OG NÁMSMAT

Nemendur eru metnir eftir viðmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Verkefnum er hagað eftir getu nemenda hverju sinni með hvatningu að leiðarljósi, þannig þau geti lært að njóta þess að verða sjálfbjarga í eldhúsinu og notið þess að borða hollan og góðan með hreinlæti í fyrirrúmi. Áhersla var lögð á næringu, hollustu, matreiðslu og vinnubrögð matvæla, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd samkvæmt

Aðalnámsskrá grunnskóla. Einnig var horft til virkni nemenda í tímum, sjálfstæði, vinnubrögð og frágang ásamt skriflegum verkefnum.

18.2 ÁHERSLUR

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér almennt hreinlæti, geti valið sér hollan mat, geti farið eftir einföldum uppskriftum, sagt frá helstu hættum í eldhúsi og tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Á miðstigi er lögð áhersla á að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um þrif og hreinlæti. Matreitt einfaldar og hollar uppskriftir og nýtt hráefnið sem best. Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum, greint frá helstu orsökum slysa og skilið einfaldar umbúðarmerkingar.

Á elsta stigi er lögð áhersla á að þau þjálfuðust í að skipuleggja vinnu sína í eldhúsinu við eldamennsku, bakstur og frágang og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur höfðu ákveðið verkefnaval og sjálfstæði í skilum. Farið var yfir rétt fæðuval, góðar matarvenjur með hliðsjón af ráðleggingum Lýðheilsustöðvar. Á öllum stigum var lögð rík áhersla á snyrtimennsku bæði hvað varðar handþvott og frágang í eldhúsi þ.e. umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru.

18.3 SÉRSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU

Við upphaf skólaársins voru ennþá í gildi ákveðnar takmarkanir í samfélaginu en þær komu lítið að sök inn í kennslu, því þær voru rýmri en áður. Á móti kom voru veikindi meiri hjá nemendum og síendurteknar sóttkvíar hjá nemendum sértaklega á unglingastigi settu strik í reikninginn á skólasókn. Takturinn var því aðeins annar til að byrja með en jafnaði sig síðan þegar líða tók á skólaárið.

Þórunn Kjartansdóttir

19. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í myndmennt frá 1. til 10. bekk.

Nemendum er skipt í hópa eftir stærð árganga. Lagt var upp með að allir hópar væru 4 vikur að hausti og 5 vikur að vori.

- **1. bekk** er skipt í þrjá hópa, 10 nemendur í tveim hópum og 11 nemendur í einum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 60 mínútur í senn. Nemendur í 1. bekk kynnst hinum ýmsu áhöldum myndmenntar sem og fjölbreyttum efnivið við gerð myndverka og kynnist frumlitunum og geti nefnt þá og kynnist grunnformunum og geti nýtt hvort tveggja í mynduppbyggingu. Einnig er lögð áhersla á frágang og umgengni. Að nemendur kynnist góðum vinnubrögðum, geti farið eftir einföldum fyrirmælum og sýnt virðingu. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Myndverkin voru eftirfarandi: Mappa (áhugamál og skrifa nafnið sitt), málun með frumlitum, einföld leirmótun (broskallar), jólaskraut, frumlita og grunnformabingó, grunnform, hugtakið sjálfsmynd og gerð hennar, fleiri frumlitaverkefni ásamt léttri litablöndun í annars stigs liti.
- **2. bekk** er skipt í tvo hópa, 12 nemendur í einum hóp og 11 nemendur í öðrum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 60 mínútur í senn. Nemendur kynnst hinum ýmsu áhöldum myndmenntar sem og fjölbreyttum efnivið við gerð myndverka og bæta við þekkingu frá því í 1. bekk. Nemendur kynnst mismunandi efnisgerð og sköpun. Að nemendur geti unnið með öðrum og sýnt þeim virðingu. Að nemendur geti talið upp frumlitina og blandað liti á

einfaldan hátt. Að nemendur kynnist og þekki hugtakið mynduppbygging og þekki hugtakið áferð. Að nemendur kynnist muni á grunnformum og náttúrulegum formum Einnig er lögð áhersla á frágang og umgengni. Að nemendur kynnist góðum vinnubrögðum, geti farið eftir einföldum fyrirmælum og sýnt virðingu. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa (áhugamál og skrifa nafnið sit með tvöföldum stöfum), mósaík blómavasi, dagblaðaköttur, leirmótun (broskallar) jólasbraut, skrímslamynd (blönduð tækni), litablöndun lady bugs (klippa og líma) .

- **3. bekk** er skipt í þrjá hópa, 10 nemendur í einum hóp og 9 nemendur í tveim hópum. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. Nemendur í 3. bekk í myndmennt þjálfast í að nota hin ýmsu áhöld myndmenntar sem og fjölbreyttum efnivið við gerð myndverka og bæta þar við þekkingu sína síðan í 2. bekk. Nemendur kynnast mismunandi efnisgerð og sköpun, geti unnið með öðrum og sýnt hvort öðru virðingu. Að nemendur geta talið upp frumlitina og blandað þá saman. Nemendur þekkja hugtökin mynduppbygging, áferð, hlutföll, grunnform og náttúruleg form. Að nemandi geti notað mismunandi aðferðir við vinnu sína og geti unnið skissur af hugmyndum sínum. Einnig er lögð áhersla á frágang, umgengni og virðingu. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa (áhugamál og tvöfaldir stafir), vélmenni skissuteikning, vélmenni málað (áhersla á hugtök eins og forgrunnur og bakgrunnur), djúpsjávarmynd með vasaljósi, pottablóm (samhverfa), límbandamálun, andlitsmynd vatnslitamáluð (brjálað hár, hugtakið brjóstmynd). Lítil box með tréþynnum skreyting, snjóþremmamynd, leirmótun (broskallar), jólasbraut (jólatré úr leir). Kanínamynd, fiskaspil (blönduð tækni, endurnýting).

- **4. bekk** er skipt í þrjá hópa, tveir hópar með 12 nemendum í hóp og 1 hópur með 13 nemendum. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mín í hvort sinn. Nemendur í 4. bekk þjálfast við að nota hin ýmsu áhöld myndmenntar sem og fjölbreyttan efnivið við gerð myndverka bæta þar við þekkingu sína síðan í 3. bekk. Nemendur kynnast hugtökum er tengjast námsgreininni og mismunandi aðferðum við vinnu sína. Einnig er lögð áhersla á frágang og umgengni og sýna virðingu. Áhersla er lögð á vinnuferlið sem leið að niðurstöðu, útkomu og verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni við sköpun sína. Lögð er áhersla á innlögn, ígrundun, hugmyndaflæði, umræður og sköpun. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa (tvöfaldir stafir), Afríka, dýrastenslamynd, Heitir og kaldir litir, mindcrafsskinn, litahringur stór málaður- æfing í blöndunarleikni og tækni... 1. Stigs og 2. Stigs litablöndur, ávaxta eða garðamynd, heitir og kaldir litir, jákvætt og neikvætt rými, leirmótun (broskallar og jólatré). Listasaga (Hellalist) pappamassagerð plattar, eðlur. Hellalist æfingar, puttamálun, steingervingar verk,
- **5. bekk** er skipt í tvo hópa 13 nemendur í hvorum hópi. Þau mæta einu sinni í 100 mínútur og einu sinni í 80 mínútur á viku. Í 5. bekk er lögð áhersla á vinnuferlið í myndmennt sem leið að niðurstöðu, útkomu eða verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemendur kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemendur þjálfast í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að verki. Nemandi á að hagnýta leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu og greina á milli aðferða. Ásamt því að þekkja og nota hugtök og heiti sem tengjast greininni. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast

var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa (skjaldamerki), pappamassagríma og skissa, mála pappamassagrímu, mynstur, vatnslitaverk í tengslum við hrekkjavöku, upplýsingamiðlun- skynvillulist- spírall, Listasaga (forn egyptar) Ýmis verkefni, faróar, skissur og fleira. Leirmótun (þrír broskallar og jólatré). Leirmótun (líkneski í tengslum við listasögu) Múmmía,

- **6. bekk** er skipt í þrjá hópa, 10 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 100 mínútur og einu sinni í 80 mínútur. Í 6. bekk er lögð áhersla á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu og verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemandi kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun, Nemandi þjálfast í að að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og nota kveikju. Nemendur í 6. bekk þjálfast í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi á að vinna hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Nemandi þjálfast á að byggja listsköpun sína á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Nemandi þjálfast í að nýta sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Hagnýtt leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa (rúnaletur, dreki og flúr), klukka, gipsgríma, arkitektúr margþætt verkefni, Notkun blindamma (undirbúningur og fleira) leirmótun (broskallar og jólatré í jólalotunni), Listasaga frá Hellalist til 1900, 7. og 8. Kafli,, Húsagerð líkan blönduð tækni viðamiknið verkefni.

- **7. bekk** er kynjaskipt í þrjá hópa. Einn hópur með 11 drengjum í hóp, einn hópur með 10 stúlkum og einn hópur blandaður með 10 nemendum. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 100 mínútur og einu sinni í 80 mínútur. Í 7. bekk er lögð áhersla á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu, verki. Nemandi notar bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemandi kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemandi þjálfast í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og notað kveikju. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi á að vinna hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Nemandi þjálfist á að byggja listsköpun sína á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar og geri grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast námsgreininni og þjálfist í að beita helstu tækni hennar. Nemandi þjálfist í að nýta sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Hagnýtt leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa (lógó), stop motion gerð-margþætt verkefni, kynning á listamanni- Leonardo de Vinci- Móna Lísu eða American gothic val litablöndun, jólalota (broskallar og jólatré í leirmótun), Listasaga frá Hellalíst til 1900, 11.kafla Gotnest list, húsagerð útfærsla, teikning og málun, blindrammi, tie dye.
- **8. bekk** er kynjaskipt í fjóra hópa, með 10 nemendum í þrem hópum og 11 í einum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Nemendur í 8. bekk þjálfast í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju. Nemandi þjálfist í

að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m. a í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágagn á vinnusvæði sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Verkefnin voru eftirfarandi: Brúargerð, hlutföll andlits, vatnslitaverk, eigið andlit og idol, leirmótun þrír broskallar og jólasbraut (jólasveinn eða kona), Kynning á listamanni og stefnu, popplist og Andy Warhol, hlutföll andlits, blindrammi.

- **Í 9. bekk** var farið í nýsköpunar verkefni með öllum list og verkgreinum. Nemendur fóru í gegnum ferli nýsköpunar með ýmsum æfingum og hópefli í huga. Nemendur unnu í hópum og reyndu að finna sitt áhugasvið og finna upp nýja hugmynd til að vinna með sem átti að snerta á sem flestum list og verkgreinum.. Verkefni nemenda urðu nokkur, eins og ilmvatn, bolir, pizzaplatti, kerti, ristaðar möndlur, snagi, leirkrúsir og fleira. Eftir þetta verkefni gerðu nemendur uppbyggingarplatta með nafni, áhugasviði, myndum og útfærslum frá sínum eigin skapandi þáttum. Nemandur í 9. bekk þjálfist í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju. Nemandi þjálfist í að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá

hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m. a í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu við eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágangi sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

- **10. Bekkur** er skipt í fjóra hópa, bæði blönduðum og kynjaskiptum hópum, Nemendur í 10. bekk fara í tvær myndmenntalotur á skólaári. Ein lota fyrir áramót og ein lota eftir áramót 4-5 vikur í senn, einu sinni í viku 120 mínútur í senn. Nemendur beita mismunandi aðferðum og tækni við útfærslu á hönnun og gerð myndverka. Nemendur þjálfast við að greina og bera saman aðferðir við gerð margskonar listaverka. Einnig er lögð áhersla á góð vinnubrögð bæði í sköpun og vinnu. Að nemendur sýni bæði sér og öðrum gagnkvæma virðingu. Verkefni voru eftirfarandi: Stop motion- undirbúningsvinna- handrit-leikmynd-upptaka-leikmuna og persónusköpin, dúkristun, val á einni mynd sem grafin var í vinyldúk og prentuð bæði á blöð og fjölnotapoka.

19.1 KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT

Kennsluáðferðir eru margvíslegar og tekur mið af hverjum nemenda og verkefni fyrir sig. Helst ber að nefna einstaklingskennsla, tilraunir hverskonar, sýnikennsla og sjónrænar kveikjur, umræðu og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnræna

hugsun. Gefin er umsögn við lok skólavetrar samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár í myndmennt (sjónlistum). Hæfniviðmið úr námskrá skólans eru metin með bókstöfum.

19.2 NÝNÆMI OG HUGLEIÐINGAR KENNARA

Eftir Covid með þeim breyttu áherslum sem þar ríkti. Kom í framhaldi sú hugmynd á þessu skólaári að hafa sérsniðna jólalotu fyrir alla nemendur skólans. Því voru þrjár lotur fyrir áramót, fjórar vikur í senn og að lokum jólalotan og hófst þá fjórða lotan eftir áramót. Það gaf að mínu mati góða raun þar sem nemendur fengu allir að koma í jólalotu með öllu því jólatengdu efni sem þar fylgir og fengu þar að leiðandi nemendur útrás fyrir þá jólasköpunargleði. Vonandi nær sú hefð að halda áfram næstu ár.

Anna Sigríður Guðbrandsdóttir.

20. SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA

Anna Sólrún Kolbeinsdóttir kenndi tónmennt við Grunnskólann í Borgarnesi veturinn 2021-2022.

1.– 7. bekkur sóttu tónmennt einu sinni í viku, 40 mínútur í senn, í tónmenntastofunni.

Fyrir 1.-4. bekk voru verkefni helst þau að syngja, kynnast mismunandi tónlist og hljóðfærum. 5.-7. bekkur fengu að kynnast nótnaskrift, laga- og textaskrif, tónlist frá ólíkum áttum og fl. Eins þjálfuðust allir nemendur í því að koma fram og æfingu í því að sitja og hlusta á aðra sem er ekki síður mikilvægt.

20.1 ÁRGANGA/HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI

Hvort stig var með svipuð verkefni en á mismunandi erfiðleikastigi.

1.-4. bekkur

Hverjum bekk skipt í tvo hópa, í flestum bekkjum voru fastir hópar en í öðrum var þeim reglulega skipt upp.

- Kynntust ýmsum hljóðfærum
- Samhristings-, söng- og hlutverkaleikir
- Verkefnabók/blöð
- Söngur
- Hljóðfæraleikir
- Leiklist
- Samleikur á hljóðfæri

5.-7. bekkur

Hverjum bekk skipt í tvo hópa.

- Kynntust öllum helstu hljóðfærum
- Samhristings-, söng- og hlutverkaleikir
- Verkefni frá kennara, nótur, taktur, hljóðfæri og fl.
- Söngur
- Sömdu lög + texta
- Hljóðfæraleikir
- Leiklist
- Samleikur á hljóðfæri
- Tónlistarforrit í iPad (Garage Band)

20.2 KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til hliðsjónar við kennslu, þar sem reynt var að mæta þeim kröfum sem settar eru þar.

Mikið var um hópavinnu og samvinnu en jafnframt reynt eftir fremsta megni að koma á móts við þörfum hvers og eins, og einnig voru einstaklingsverkefni líka. Eins og gefur að skilja verður oft mikill hávaði í tímum þegar unnið er með tónlist, nemendur að prófa sig áfram o.s.frv. Þeim nemendum sem hafa líkað illa við mikinn hávaða hafa alltaf val um að draga sig í hlé á meðan því stendur til að öllum líði sem best í tímum.

Nemendum var talsvert gefið frjáls hendi til að ýta undir sköpunargáfur þeirra og frumkvæði.

20.3 SKIPULAG

Hálfur bekkur kemur í einu, 40 mín hvor hópur. Virkar vel fyrir yngsta stig en skoða ætti hvort lotukerfi ætti betur við í 5. – 7. bekk.

Stuðst við ákveðið þema í hverjum mánuði.

20.4 VIÐBURÐIR

Jólaúttvarpið var á sínum stað með alls kyns tónlist. Bæði voru sungin klassísk jólalög en eins voru nemendur í duglegir að skapa sína eigin tónlist og texta. Helgileikurinn var tekinn upp eins og árið áður vegna heimsfaraldursins og sýndur á tjaldi í hverri stofu á Litlu jólunum.

Árshátíðin var í síðustu viku fyrir páskafrí. Þemað var Disney og stóðu allir bekkir sig með sóma með fjölbreyttum atriðum. Sumir dönsuðu á meðan aðrir sungu eða léku. Virkilega skemmtilegt að fá loksins áhorfendur í sal eftir 2 ár í upptökum og mannlausum sal vegna Covid.

Anna Sólrún Kolbeinsdóttir

21. VAL

Með valgreinum er átt við að nemendum er gefinn kostur á að leggja stund á aðrar námsgreinar eða námsþætti en tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla eða dýpka þekkingu sína og færni í ákveðnum skyldunámsgreinum.

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Mætingarskylda er í valgreinar jafnt og í öðrum greinum.

Val á yngsta stigi hafði ekki fastan tíma í stundaskrá þennan veturinn.

Umsjónarkennarar sinntu því hver fyrir sig inni í bekk.

Á fimmtudögum voru tvær kennslustundir á miðstigi helgaðar vali þar sem nemendur í 5. – 7. bekk völdu viðfangsefni þvert á bekki. Þá blönduðust nemendur í hópa eftir áhuga þar sem fengist var við skapandi og spennandi viðfangsefni.

Boðið var uppá fjórar lotur yfir veturinn og voru fimm til sjö námskeið í boðið í hverri lotu. Þar var m.a. boðið uppá boltaval, osmo og bolt, skák, origami og skutlur, ótrúleg eru ævintýrin, sápu og kertagerð, enska boltann, spilaval, forritun, föndur, tónlistarmyndbönd, pappamassa, knattspyrnu, tækifæriskort og pappírsföndur, útivist og leiki, leir og kvikmyndaval. Í upphafi fengu nemendur kynningu á þeim valgreinum sem voru í boði og fengu síðan valblað þar sem þeir gátu valið sér þau námskeið sem þeir höfðu hug á og var raðað í hópa eftir því

vali. Kennsla var í höndum list- og verkgreinakennara skólans ásamt kennurum á miðstigi.

Valgreinar í unglिंगadeild eru hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Nemendur fengu í upphafi senda rafræna kynningu á þeim námskeiðum sem í boði voru og völdu síðan einnig rafrænt og var raðað í hópa eftir því vali þvert á bekki.

Val í unglिंगadeild var með tvennum hætti annars vegar fór fram val á þriðjudögum sem var ein og hálf kennslustund. Valið skiptist í þrjár lotur yfir veturinn, sjö til átta námskeið í hverri lotu. Knapamerkið og skólahreysti var í öllum lotum. Auk þess var boðið uppá Erasmusverkefni, þrjónaval, podcast/hlaðvarp, skák, kvikmyndaval, „Heimsmeistaramótið í boltaþróttum, spilaval og skák, tónlistarbíó, jólaföndur, teikninámskeið, enska boltann, undirbúning fyrir bílpróf, eðlis og efnafræði, hárgreiðslu, íslenska körfuboltann, leiklist, myndasögur/teiknimyndasögur og táknmál. Kennsla í vali var í höndum kennara skólans nema í knapamerkinu en það er samstarfsverkefni hestamannafélagsins Borgfirðings og skólans.

Val fór einnig fram á smiðjuhelgi. En þá eru nemendur einum tíma skemur á viku í skólanum en viðmið gera ráð fyrir og í staðinn vinna þeir með þessum hætti eina helgi á önn. Þeir mæta á í skólann og vinna í smiðjum frá 14.30 á föstudegi til kl. 18:30 og síðan kl. 8:30 á laugardegi til 14:30.

Fyrri smiðjuhelgin var 15. - 16. október. Þær smiðjur sem boðið var uppá voru bakstur, björgunarsveitasmíðja, dans/street djazz, fótboltasmíðja, grafísk hönnun, myndlist og rafíþróttir. Seinni smiðjuhelgin var síðan 13. og 14. maí og

Þá var boðið uppá forritun, golf, kökuskreytingar, parkour, rafíþróttir, silfursmíði/víravirki og spilasmíðju.

Tilgangur smiðjanna er að mæta vali fyrir unglingana með öðrum hætti en almennt tíðkast og gefa þeim kost á að hafa meira um val sitt að segja ásamt því að auka fjölbreytni. Kennsla var almennt í höndum utan að komandi aðila en þó eru kennarar innan skólans sem kenna stöku námskeið í smiðjum.

Þeir nemendur sem sátu í stjórn Nemendafélagsins eða störfuðu sem tæknimenn gátu sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku. Þeir sem stunduðu afreksíþróttir voru í tónlistarskóla, björgunarsveitinni eða stunduðu nám í MB eða öðrum framhaldsskóla gátu einnig sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku.

Kristín M. Valgarðsdóttir

22. VETTvangsferðir Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

Vettvangsferðir eru m.a. leið skólans til að tengja námið veruleikanum utan skólastofunnar og færa þannig bóklegt nám nær reynsluheimi nemandans hverju sinni. Listinn hér að neðan eru þær vettvangsferðir sem farið var í.

- **1. bekkur:**
Sveitaferð.
Leikskólaheimsóknir að hausti
- **2. bekkur:**
Heimsókn á Landnámssetrið.
- **3. bekkur:**

Fjörufarferð eða fjallaferð.

- **4. bekkur:**

Hvanneyri - Ullarsel og búvélasafn að vori.

Börn í 100 ár, baðstofa.

Innanbæjarferð.

- **5. bekkur:**

Þjóðminjasafn

- **6. bekkur:**

Snorrastofa.

Heimsókn á Landnámssetrið.

- **7. bekkur:**

Námsferð að Reykjum.

Sigling um sundin blá um Faxaflóa

- **8. bekkur:**

Haustferð í Skorradalinn

Skíðaferð

- **9. bekkur:**

Skólabúðirnar að Laugarvatni. Skólastjóri og umsjónarkennari sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Hernámssetrið skoðað í tengslum við stríðsárin.

- **10. bekkur:**

Þriggja daga skólaferðalag.

10. bekkur fer í dagsferð til Reykjavíkur að hausti.

23. NEMENDAFÉLAG – FÉLAGSSTARF

Stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi, sem skipuð er nemendum úr 8.- 10. bekk, skipuleggur í samstarfi við skólastjórnendur félagsstörf nemenda og sér um

framkvæmd þeirra ásamt því að vera ráðgjafi skólastjórnenda um ýmis málefni. Nemendaráð semur starfsáætlun þar sem allir félagsmenn eiga að finna eitthvað við sitt hæfi og skal sjá til þess að upplýsingar um félagsstarfið séu vel kynntar öllum er málið varðar.

Nemendur úr NFGB eiga fulltrúa í Húsráði Óðals sem skipað er fulltrúum úr skólum sveitarfélagsins. Húsráð Óðals sér um allt skipulag sem fellur undir starf er tengist félagsmiðstöð,

Aðalstjórn NFGB fundar að jafnaði einu sinni í viku með deildarstjóra og sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Covid hafði aðeins áhrif á starfið framan af ári en þegar áleið fór starfsemin í eðlilegt horf.

Hlutverk tæknimanna er nokkuð stórt þar sem þeir koma að tæknimálum við ýmsar upptökur sem haldnar eru í skólanum t.d. árshátíð, skólaslit, fyrirlestra og aðra þá viðburði sem eru haldnir auk þess sem aðrir stjórnarmenn aðstoða þá við undirbúning og frágang.

Fyrsta verkefni stjórnarinnar var að útbúa kynningarmyndband fyrir skólann sem nýtt var í Erasmusverkefni sem skólinn tók þátt í. Eitt stærsta verkefni NFGB er jólaútlit skólans sem sendir út eina viku í byrjun desember. Nemendur og bekkir semja og undirbúa útlit þætti að hluta til á skólatíma undir stjórn kennara. Þættir yngstu nemendanna eru teknir upp fyrir fram en nemendur í eldri deild eru almennt í beinni útsendingu. Allt utanumhald tæknimála, söfnun auglýsinga og fleira er í höndum stjórnar NFGB. Jólaútlitið er ein helsta tekjuöflun félagsins og fara fjármunir sem safnast vegna auglýsinga í sjóð. Útsendingar gengu vel þetta árið en þó þurfti að stytta útsendingu um einn daginn þar sem Covid smit kom upp meðal nemenda.

Í maíbyrjun bauð nemendafélagið öllum nemendum á unglíngastigi á leiksýningu sem nemendur í 10. bekk Grundaskóla á Akranesi stóðu fyrir. Nú í ár kom það í hlut NFGB að sjá um Lyngbrekkuballið og var það haldið í Hjálmakletti í maí og tókst mjög vel. Nemendafélagið stóð einnig fyrir skemmtilegum stigaleik á vordögum þar sem allir nemendur og starfsfólk á unglíngastigi tók þátt.

Hagnaði af starfsemi félagsins er síðan varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna þeirra viðburða og verkefna sem NFGB stendur fyrir, ásamt því að styrkja ferðir félagsmanna á skólaárinu.

Stjórn NFGB skólaárið 2021 – 2022 skipuðu:

Valborg Elva Bragadóttir, formaður

Magnús Máni Róbertsson, varaformaður

Aðalheiður Ella Ásmundsdóttir, gjaldkeri,

Guðjón Andri Gunnarsson, ritari,

Eyjólfur Ágúst Hjörleifsson, meðstjórnandi

Sigrúgeir Erik Þorvaldsson, meðstjórnandi

Tæknistjórar Atli Frey Ólafsson og Kristján Páll R. Hjaltason

Lög og starfsreglur NFGB má finna á heimasíðu skólans.

<http://grunnborg.is/nemendur/starfsreglur-nemendafelagsins-nfgb/>

Kristín M. Valgarðsdóttir

24. ÞRÓUNARVERKEFNI

24.1 LESTUR

Við leggjum alltaf áherslu á lestur í skólanum hjá okkur hvort sem um er að ræða lesfimi eða lesskilning. Vinnum m.a. með byrjendalæsi á yngsta stigi og nýtum okkur fjölbreyttar aðferðir á öllum stigum. Áhersla á heimalestur og skráningu á lestri er mikil á yngsta og miðstigi. Unnið er eftir ákveðnum verkferlum ef heimalestri er ekki sinnt sem skyldi og til að veita foreldrum aðhald við að láta börnin lesa heima. Umsjónarkennari og /eða íslenskukennari halda utan um þá skráningu. Hlutverk foreldra í lestrarkennslu barna er stórt og því er mikilvægt að því sé sinnt sem skyldi.

Á haustönn var haldið hraðlestrarnámskeið á yngsta og miðstigi. Átakið byggir á því að nemendur fá hefti heim með textum sem þeir eiga að lesa. Að loknum lestri vinna þeir tengd verkefni í verkefnaheftinu. Nemendur fá texta allt eftir því hvar þeir eru staddir í leshraða út frá lesfimiviðmiðum MMS. Þeim er raðað út frá lesfimiþrófunum í september þannig að nemendur í sama árgangi eru ekki endilega með sama prófið. Markmiðið með átakanu er að efla lesfimi nemenda og auka lesskilning. Sýnt er að góð lesfimi styður við lesskilning á meðan slök lesfimi getur dregið úr lesskilningi.

Á vorönn var annað átakt sem var svipað uppbyggt og hið fyrra þ.e. nemendur fengu hefti heim með textum sem þeir áttu að lesa og unnu þá tengd verkefni í verkefnaheftinu. Að þessu sinni var megináherslan lögð á lesskilning sem er mikilvægur í öllu námi og í raun í lífinu sjálfu þar sem við þurfum sífellt að lesa okkur til gagns og gamans. Mikið er unnið með lesskilning á öllum stigum og í 3. til 8. bekk er Orðarún lögð fyrir til að kanna lesskilning nemenda.

Lögð eru fyrir lesfimiþróf MMS í öllum árgöngum til að mæla lesfimi og stuðst við þau viðmið sem þar eru gefin út. Skólinn leggur áherslu á að allir taki prófið ef mögulegt er og er skráningarhlutfall hærra en landsmeðaltal. Fimm bekkir af 10 mældust yfir landsmeðaltali í lesfimi, þrír á landsmeðaltali og tveir undir. Mikill metnaður er hjá kennurum að auka lestrarfærni nemenda sinna og taka nemendur stöðugum framförum.

Kristín M. Valgarðsdóttir

24.2 HEILSUEFLANDI SKÓLI

Í heilsuteyminu skólaárið 2021- 22 voru:

Haraldur Már Stefánsson, Viktor Már Jónasson, Kristín Frímansdóttir, Eva Lára Vilhjálmsdóttir, Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir. Elísabet Ýr Bjarnadóttir bættist við hópinn í ársbyrjun 2022.

Heilsuteymið fundaði samtals níu sunnum á yfirstandandi skólaári.

Allar fundargerðir og tölvupósta er að finna á samskrá undir „skólaárið 2021-22/ heilsuteymið“.

Megin verkefnið var að Landlæknisembættið er að uppfæra, breyta og bæta við matslistum. Fundirnir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað þar sem farið var ítarlega yfir allar breytingar. Að því loknu voru svo umræður og umræðuhópar um útfærslur á þeim breytingum sem unnið er að. Einnig nýttu skólarnir sér þessar umræður í hugmyndavinnu þar sem margar skemmtilegar og áhugaverðar hugmyndir komu fram og var gaman fá að heyra hvað aðrir skólar eru að gera til að efla þetta svið skólastarfsins.

Þeir matslistar sem koma til skoðunar og eru í gildi eru:

- Öryggi
- Mataræði

- Geðrækt
- Hreyfing
- Starfsfólk
- Nemendur
- Heimili
- Tannheilsa
- Lífsleikni
- Nærsamfélag
- Vinnulag

Matslistarnir eru nú tilbúnir til notkunar, voru það um miðjan maí, þannig að þá er hægt að hefjast handa strax í haust við að endurmeta skólann. Gömlu listarnir verða áfram opnir þannig að það er hægt að nota þá að einhverju leyti til að styðjast við í upphafi.

Teymið upplýsti umsjónarkennara um áhugaverða daga og viðburði. Sendir voru tengla og verkefni sem nýta mátti í þá vinnu og vonumst við til að það hafi komið að gagni.

Hreyfibraut var sett upp þá daga sem Lífshlaupið var í gangi. Teymið fann ekki fyrir miklum áhuga á því að taka þátt í Lífshlaupinu. Einnig var afar lítil þátttaka í hreyfibrautinni og þurfum við að íhuga hvað gert verður á næsta ári til að efla virkni í skólanum.

24.3 LAUSNARTEYMI

Lausnarteymið byrjaði á því að lesa vel yfir þær upplýsingar sem sendar voru til umsjónakennara veturinn á undan þar sem teymið var kynnt og hlutverk þess. Farið var í að breyta þeim texta lítillega og aðeins bætt við hann. Þessar upplýsingar voru svo aftur sendar á allt starfsfólk skólans.

Umsjónakennari í 6. bekk leitaði til teymisins um ráðgjöf varðandi mætingu nemanda. Rædd voru ýmis úrræði. Kennarar héldu svo teymisfund með foreldrum. Teymið fylgdi þessu svo eftir og athugaði hvernig gengi, það var farið að ganga betur og málið var því talið lokið af hálfu teymisins.

Umsjónakennari og sérkennslukennari 5. bekkjar mættu svo á fund hjá teyminu til þess að fá ráðgjöf varðandi einn nemanda í bekknum. Málin voru rædd og ýmsar lausnir komu upp sem kennarar svo tóku með sér í kennslu.

Farið var inn á stigsfundi hjá öllum stigum skólans og Lausnar-teymið kynnt og hlutverk þess. Starfsfólk tók því vel.

Rætt var um að skoða betur aðkomu teymisins að þeim nemendum sem eru með slæma mætingu. Þessa aðkomu þyrfti að útlista nánar og kynna umsjónakennurum.

Ásta Björk, Fanney, Fríða, Gréta og Helena

24.4 GRÆNFÁNI

Í Grænfánateymi voru Amelia Christine, Guðrún Steinunn, Hildur, Silja og Þórunn. Sjö formlegir fundir voru haldnir með teyminu, einn fundur var haldinn með nemendum en auk þess vann teymið að ákveðnum verkefnum utan formlegra funda.

Fyrir áramót var lögð könnun fyrir nemendum sem snéri að því hvernig nemendur ferðast til og frá skóla. Ætlunin var að leggja aðra könnun fyrir í vor en vegna dræmrar þátttöku nemenda á mið og unglíngastigi var fallið frá þeirri hugmynd, en einungis 63 nemendur á mið og unglíngastigi svöruðu könnuninni.

Niðurstöður benda þó til þess að flestir nemendur komi gangandi eða að þeim sé skutlað á einkabíl til og frá skóla. Þar á eftir fylgir skólabíll. Einnig virðist vanta upplýsingar frá mötuneyti, þ.e. hvaðan maturinn sé keyptur (innlent, erlent, heimabyggð eða nærsamfélag), hvert sé kolefnisspor, sótspor, hans og hversu

miklar umbúðirnar séu. Nemendur virðast vera vel upplýstir um hvað loftslagsbreytingar séu og hvað veldur þeim og flestir telja að þeir hafi fengið fræðslu um það í skólanum.

Ætlunin var að gera tillögu að umbótaáætlun en vegna þess hve erfitt var að finna tíma þar sem bæði kennarar og nemendur kæmst náðist það ekki. Farið verður í þá vinnu strax næsta haust.

Teymið ásamt nemendum sá einnig um að setja upp óskilamuni fyrir Opna húsið og foreldraviðtöl, en allt of mikið af óskilamunum kemst ekki til skila. Teymið telur að það þurfi að endurskoða hvernig óskilamunir eru meðhöndlaðir og hvernig hægt er að gera þá aðgengilegri og sýnilegri fyrir nemendur og foreldra.

Amelia Christine Gunnarsdóttir

Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir

Hildur Hallkelsdóttir

Silja Jónasdóttir

Pórunn Kjartansdóttir

24.1 UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

Meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og að styrkja sjálfsmynd. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð frekar en blinda hlýðni. Litið er svo á að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji hegða sér vel. Hins vegar hafi börn ekki þann hæfileika í byrjun að geta metið hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á aðra. Það er hlutverk hinna fullorðnu að kenna þeim að öðlast þann skilning í gegnum samskipti þeirra við aðra. Fullorðnir eru því mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna.

Uppeldi til ábyrgðar hefur fest sig í sessi í Grunnskólanum í Borgarnesi. Í öllum árgöngum eru bekkjarsáttmálar gerðir og nýttir yfir skólaárið til að á rétta

samkomulag um samskipti og vinnubrögð sem nemendur og kennarar árgangsins gera með sér og er skráð í bekkjarsáttmála.

Sífelld fleiri starfsmenn tileinka sér orðræðu Uppeldis til ábyrgðar í samskiptum við nemendur. Það er grunnurinn að góðu gengi og liður í því að skapa góðan skólabrag.

Við upphaf skóla var námskeið fyrir nýja starfsmenn og þá sem vildu auka þekkingu sína. Það voru Sæbjörg Kristmannsdóttir og Halldóra Rósa Björnsdóttir sem stýrðu því. Allir kennarar fengu bækling, líka list- og verkgreinakennarar þar sem tilgreint er hvað á að gera í Uppbyggingunni yfir veturinn. Starfsmenn Frístundar var boðið að koma á haustkynningarfundinn.

Fyrsta vika skólaársins var lögð undir Uppeldi til ábyrgðar og bæklingarnir hafðir til hliðsjónar.

Í uppbyggingateyminu voru Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, Anna Sólrún Kolbeinsdóttir, Bjarni Bachmann, Kolbrún Sæbjörg Kristmannsdóttir, Sigríður Hrund Hálfðanardóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir. Anna Sigríður var aðeins fyrri helming ársins.

Fundir voru haldnir tvistar í mánuði. Starfsfólk skólans gerði platta sem hanga núna fyrir framan hjá ritara. Leshópar fóru af stað í okt. Sex manns lásu saman bókina Uppeldi til ábyrgðar og umræður á eftir. Við hengdum upp tvö veggspjöld kaffistofu með hugmyndum fyrir kennara að verkefnum. Dagur gegn einelti var tileikaður Uppeldi til ábyrgðar. Þá unnu allir nemendur og starfsfólk skólans með orðaforða Uppbyggingarinnar og þarfahringi sem eru sýnilegir í skólanum og á facebook síðu félagsins Uppeldi til ábyrgðar. Vinabekkir unnu saman. Kynning á

Þessu verkefni og undirbúningur var á starfsmannafundi skömmu áður. Starfsmannasáttmáli var gerður þetta skólaárið. Vegna Covid fór vinnan að hluta til fram á netinu. Starfsmannasáttmálinn var hengdur upp á kaffistofu starfsfólks. Horft var á fyrirlestra tengda uppbyggingunni frá öðrum skólum í gegnum félagið Uppeldi til ábyrgðar.

Mælt er með því að fyrsta vika skóla verði aftur tileinkuð uppeldi til ábyrgðar í skólastarfinu. Þeir sem hafa enn ekki farið á byrjendanámskeið stefnunnar fara á námskeið í haust.

24.2 RÝNI – OG UMBÓTAHÓPUR

Í rýnihóp voru Kristín V., Arna, Birgitta, Sigrún Sig, Sóley, Franziska, Hanna Sigga og Helga Harðar.

Níu formlegir fundir voru haldnir auk vinnustunda þar sem unnið var að ákveðnu verkefni.

Ytra mat var gert á Grunnskólanum í Borgarnesi á vorönn 2021 á vegum Menntamálastofnunar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Borgarbyggð. Fyrsta verkefni hópsins var að fara yfir ytra matið og gera umbótaáætlun. Sú vinna þurfti að ganga hratt fyrir sig þar sem stutt var í skil á áætluninni. Því var ákveðið að funda nokkuð þétt í fyrstu á meðan verið var að klára verkefnið. Hópurinn fór yfir ytra matið og gerði tillögu að umbótaáætlun þar sem fram komu þær leiðir sem fara skyldi til að laga þá umbótaþættir sem úttektaraðilar höfðu bent á í skýrslunni. Umbótaáætlun var síðan skilað inn til Menntamálastofnunar á tilsettum tíma.

Rýnihópurinn var ábyrgðaraðili að nokkrum þáttum sem þurfti að lagfæra. Ákveðið var að endurskoða skólareglurnar. Farið var yfir mætingarreglur og skýru mörkin og gerðar athugasemdir við þá þætti sem hópurinn taldi að betur mættu

fara. Einnig var farið yfir lög um skólareglur og bætt inní til að uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett. Tillögum hópsins var skilað inn til stjórnenda og liggja þær þar til umsagnar.

Þar sem verið er að endurskoða skólasóknarkerfi Borgarbyggðar var ákveðið að bíða með frekari breytingar á skólareglunum þar til þær reglur væru komnar á hreint þannig að samræmi væri á milli þeirra. Endurskoðun á skólareglunum verður því tekin upp næsta haust.

Kristín M. Valgarðsdóttir

24.3 SAMSTARF VIÐ ERLENDA SKÓLA

Skólaárið 2021 – 2022 var formlegt samstarf við ZSK Jerábka grunnskólann í Rodnice nad Labem í Tékklandi. Fjórir kennarar í Grunnskólanum í Borgarnesi sóttu kollega sína í ZSK heim í byrjun nóvember. Dvöldu hjá þeim í viku. Heimsóttu skólann og fengu að fylgjast með kennslu í ólíkum fögum, auk þess að taka þátt í kennslu í verkefni, byggðu á sögulegum grunni. Verkefnið var kennt á útikennslusvæði skólans. Kennararnir sóttu einnig heim athyglisverða staði í nágrenninu og í höfuðborginni Prag, undir leiðsögn verkefnisstjóra og kennara frá ZSK. Það þótti afar merkilegt að fá Íslendinga í heimsókn og því var bæði umfjöllun um verkefnið í dagblaði á svæðinu auk sjónvarpsviðtals. Fjórir kennarar og verkefnisstjóri frá ZSK Jerábka sóttu okkur í grunnskólanum heim í mars. Dvöldu í fimm daga í Borgarnesi, en ferðuðust að auki um Suðurland, Snæfellsnes og uppsveitir Borgarfjarðar. Virku dagana var vont veður, þar af óveðurstilkynning þrisvar, snjór og skafbylur. Tékkarnir létu það ekki á sig fá, litu á veðráttuna sem hluta af því ævintýri að fá að ferðast til Íslands. Frekara samstarf er fyrirhugað. Þrjú Tékkneskir kennarar og fimmtán nemendur eru væntanlegir til landsins í júní 2023 og stefnt er að fleiri heimsóknum til beggja skólanna skólaárið 2023 – 2024.

25. BÓKASAFN

Safnið er opið frá 8.15 – 16.00 nema á föstudögum, þá er opið til 14.00.

Afgreiðslutími fyrir nemendur er frá 8.15 – 14.00 alla virka daga.

Skráðir lánþegar á skólaárinu 2021 – 2022 eru 383, nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn. Skráð útlán voru 8265.

Aðstoð við heimildaöflun er alltaf nokkur, bæði við nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að auka sjálfstæði nemenda í sambandi við heimildavinnu; að kenna þeim leitaraðferðir og að leggja mat á heimildir.

Innkaup, tenging í Gegni og grisjun eru fastir liðir í starfsemi safnsins sem og frágangur (plöstudun og viðgerðir) safnkostsins.

Nemendur koma á safnið til þess notfæra sér safnkostinn við lestur og öflun upplýsinga. Nemendur koma á safnið til þess að skoða bækur og lesa – og stundum til að hvíla sig frá amstri dagsins. Nemendur koma á safnið og vinna eða leysa verkefni, einir eða í minni hópum.

Kennarar koma með minni hópum til verkefnavinnu eða lestrar. 1. – 7. bekkir hafa átt fasta vikulega tíma á safninu sl. skólaár. Þá endurnýja nemendur bókalán, vinna verkefni eða fá að grúska í safnkostinum og lesa. Safnstjóri annast eftir atvikum fræðslu og/eða kennslu fyrir nemendur og starfsfólk.

Skólasafnið á facebook síðu. Hlutverk hennar er að greina frá helstu þáttum í starfi skólasafnsins sem og viðburðum á vegum þess. Safnstjóri sér um síðuna.

25.1 ENDURNÝJAD HÚSNÆÐI

Haustið 2020 var endurnýjað húsnæði skólasafnsins tekið í notkun. Softline hillubúnaður frá Þjónustumiðstöð bókasafna og húsgögn frá Pennanum prýða

safnið. Hluti innréttinga var sérsníðaður; afgreiðsluborð og hillur og skápar því fylgjandi sem og gluggabekkir með geymslurými.

Vinnuborð og stólar eru fyrir 16 nemendur og er sú aðstaða vel notuð.

Húsnæði safnsins er einstaklega bjart, fallett og rúmgott og hentar vel þörfum viðskiptavinanna.

25.2 STARFSMENN

Anna Guðmundsdóttir, upplýsingafræðingur og kennari gegnir 60% starfi á safninu (safnstjóri).

Viðvera safnstjóra er að mestu bundin og fellur undirbúningur fræðslu/kennslu á skólasafni undir hana ásamt mætingu á starfsmanna- og kennarafundi. Safnstjóri sinnir, auk safnfræðslu, innkaupum og skráningu nýrra bóka sem og afskriftum og ber ábyrgð á skipulagningu starfsins.

Bókavörður, Vesna Pavlovic, er í 50% starfi við skólann sem bókavörður og skólaliði. Starf bókavardar felst í almennri afgreiðslu, frágangi (plöstun) og viðgerðum á bókum og öðrum gögnum.

25.3 FRÆÐSLA

Engin formleg fræðsla var á skólasafninu á þessu skólaári. Nemendur á yngsta stigi og miðstigi unnu þó ýmis verkefni tengd safninu undir leiðsögn safnstjóra og/eða kennara.

2. bekkur kom í sögustundir og fræddist um Egil Skalla-Grímsson og sögu hans.

1. til 7. bekkur áttu fasta vikulega tíma á safninu á skólaárinu. Nemendur komu þá í fylgd skólaliða eða kennara og fengu aðstoð við bókaval og annað er tengist safninu og dunduðu sér síðan við að lesa og skoða safnkostinn.

25.4 ENDURMENNTUN

Regluleg endurmenntun safnstjóra felst í að sækja námskeið Landskerfis bókasafna og í þátttöku í viðburðum og samvinnu við Upplýsingafræðinga eftir því sem tilefni gefast.

Safnstjóri sótti landsfund Upplýsingar sem haldinn var á Ísafirði dagana 23. og 24. september 2021. Fjallað var um áskoranir og tækifæri í upplýsingafræðum og hvernig nálgast megi störfina á söfnunum með sjálfbærni að leiðarljósi.

Samskipti Félags fagfólks á skólasöfnum fóru að mestu fram á netinu á skólaárinu en þó voru haldnir þrjú fræðslufundir.

Þá sótti safnstjóri Gerðubergsráðstefnuna þann 5. mars. Ráðstefnan bar yfirskriftina Allskonar öðruvísi og að þessu sinni var fjallað um það hvernig er að skrifa og teikna fyrir börn og ungmenni í dag. Fjallað var um fjölbreytta og jaðarsetta hópa, um hugarflug og frelsi til þess að vera og tilheyra í myndasögum og skáldskap. Að ráðstefnunni standa nokkur félög sem koma á einhvern hátt að barna- og unglingabókum; IBBY á Íslandi, Borgarbókasafnið, Rithöfundasamband Íslands, Félag fagfólks á skólasöfnum, Upplýsing og Menningarmiðstöðin Gerðuberg.

Safnstjóri sat á skólaárinu fjarnámskeiðið Lestrarsamfélagið: Áhugahvöt og áhrifavaldar á vegum Menntamiðju.

Þá má telja lestur bóka fyrir börn og ungmenni til endurmenntunar en í hann fer drjúgur tími.

Bókavörður sækir endurmenntun og fræðslu sem ætluð er almennu starfsfólki skólanna í Borgarbyggð.

25.5 JÁKVÆÐ ÁHRIF KÓRÓNAVEIRUFARALDURSINS

Á meðan faraldurinn geisaði var tekin upp sú regla að þvo allar bækur með sóttþreinsandi efni þegar þeim var skilað. Ætlunin er að halda bókaþvottinum áfram.

25.6 NÝTT BÓKASAFNSKERFI

Landskerfi bókasafna hefur um skeið unnið að innleiðingu nýs bókasafnskerfis fyrir söfnin í landinu. Eitt mikilvægasta tiltektarverkefnið í Gegni fyrir kerfisskiptin var að hreinsa upp gömul vanskil. Tilmæli bárust til safna í upphafi árs 2020 um að fara í gegnum safnkostinn með það í huga að úrelt, ónýtt eða ónotað efni yrði ekki fært yfir í nýtt kerfi. Jafnframt var útbúinn vanskilalisti yfir vanskil sem voru eldri en eins árs fyrir hvert einasta útlánasafn í kerfinu og var sá listi keyrður út vikulega. Grisjun var því framkvæmd á fyrri hluta árs 2020 með þessa þætti í huga. Síðan hefur verið farið reglulega yfir vanskilaskrá og fylgst vel með safnkostinum. Við lok skólaársins 2021 – 2022 eru aðeins um 50 eintök sem ekki hafa skilað sér (útlán 8256).

25.7 AÐFÖNG / AÐFANGASTEFTA

Aðföng er yfirheiti yfir safnkost og aðfangastefna er tæki til uppbyggingar safnkosts. Í henni kemur fram hvert hlutverk safnkostsins og innihald á að vera miðað við þjónustu við viðskiptavini safnsins.

Öll aðföng/námsgögn ganga í gengnum ákveðna hringrás. Fyrst er tekin ákvörðun um hvort námsgögn henti safnkostinum sem í okkar tilfalli á að þjóna þörfum grunnskólans. Að því loknu er námsgagnið keypt, skráð, merkt og plastað og

komið fyrir í hillu. Þá tekur við tímabil þar sem námsgagnið eru í notkun og eftir hana raðað aftur á réttan stað. Þessi hringur getur endurtekið sig mörgum sinnum, hugsanlega með viðkomu í viðgerð ef þörf krefur.

Aðfangastefna þjónar sem hjálpartæki við efnisval og fjárhagsáætlun. Hún er höfð til hliðsjónar við aðrar hliðar aðfangamála svo sem gjafir og grisjun.

25.8 INNKAUP OG EFNISVAL

Magn innkaupa stjórnast af því fjármagni sem til þeirra fæst. Reynt er að fá sem „mest fyrir peninginn“. Megináhersla er lögð á að kaupa vandaðar bókmenntir og fjölbreyttan fróðleik (vísindi, náttúrufræði, íþróttir, uppflattirit o.s.frv.) fyrir börn og unglunga. Gjarnan er leitað fanga á bókamörkuðum útgefenda varðandi bækur sem gefnar hafa verið út á síðustu árum og þurfa endurnýjunar við á safninu. Eins mikið er keypt af nýútkomnum bókum fyrir börn og ungmenni og kostur er.

Nokkuð verið keypt af barna- og ungmennabókum á pólsku og bókakostur á ensku hefur stóraukist. Mikilvægt er efla þennan hluta safnkostsins enn frekar. Safnstjóri leggur áherslu á að safna íslenskum skáldsögum, ævisögum og ljóðum án mikils tilkostnaðar. Vel útlítandi og góðar bækur hafa fengist í þennan flokk á nytjamörkuðum og einnig hafa safninu borist bækur að gjöf frá ýmsum einstaklingum.

25.9 GRISJUN

Grisjun felur í sér að fjarlægja efni sem ekki hentar safnkostinum og stefnu safnsins. Tilgangur hennar er að nýta plássið vel, spara tíma starfsfólks og notenda, halda safninu aðlaðandi og snyrtilegu, bæta yfirsýn yfir safnkostinn og gefa mynd af styrkleikum hans og veikleikum. Reglulega er grisjað og er þá tekin ákvörðun um hvort aðföng henti enn safninu meðal annars með tilliti til notkunar

og ástands. Bækur sem ekki hafa verið lánaðar út um árabíl eru afskrifaðar, illa farnar bækur, rifnar og skítugar eru afskrifaðar sem og bækur sem innihalda efni sem annaðhvort er óviðeigandi eða hentar ekki starfsemi safnsins, árgangar tímarita sem eru eldri en fimm ára eru afskrifaðir.

Safnkosturinn hefur verið grisjaður verulega undanfarin ár, úreltar bækur og ónýtar hafa verið afskrifaðar og gömlum myndböndum fargað.

25.10 GJAFIR

Gjafir sem þjóna þörfum bókasafnsins eru vel þegnar. Ekki er tekið við gjöfum ef þeim fylgja hömlur eða skilyrði.

25.11 ADVENTA

Á aðventu fengu nemendur að vanda tækifæri til að velja nýjar bækur á safnið. Valið fór þannig fram að hver nemandi var beðinn um að nefna einn titil (úr Bókatíðindum) sem hann vildi að til yrði á safninu. Nafn eins þátttakanda af hverju stigi var síðan dregið út og fengu þeir bækurnar sem þeir völdu að gjöf á litlu jólunum. Þessi litli jólaleikur skapar tilhlökkun og eftirvæntingu varðandi nýjar bækur og gefur jafnframt vísbendingar um viðtökur nýrra bóka.

Á aðventu var lögð áhersla á efni tengt jólum og því stillt sérstaklega upp á safninu til þess að auðvelda nemendum og kennurum að verða sér úti um það. Safnstjóri sá um kynningar á nýútkomnum bókum í öllum bekkjum, las úr þeim og ræddi efni þeirra við hópa nemenda. Einnig voru lesnar jólasögur á safninu fyrir yngri nemendur.

25.12 HEIMSÓKNIR

Heimsóknir rithöfunda í skólann eru yfirleitt í tengslum við jólabókaflóðið svokallaða. Sé tekið mið af taxta Rithöfundasambandsins ber að greiða 35.000 krónur fyrir hálf tíma upplestur og spjall í skóla. Heimsóknir rithöfunda mælast afar vel fyrir hjá nemendum og hafa greinileg lestrarhvetjandi áhrif. Því væri æskilegt að ætla ákveðna upphæð í þennan lið þegar fjármagni er úthlutað til skólasafns.

Einn rithöfundur sótti okkur heim á aðventu; Sigrún Elíasdóttir kynnti Illfyglið, þriðju og síðustu bókina í þríleiknum Ferðin á heimsenda.

25.13 LESTRARHVATNING OG KLÚBBAR

KLÚBBAR

Á skólasafninu var Drekkaklúbburinn starfræktur í rólegheitum og alltaf bætist í hóp drekkameistara á yngsta stigi. Aðrir klúbbar voru ekki í gangi á þessu skólaári. Félagar í klúbbum lesa tiltekinn fjölda bóka um ákveðið efni og fá að því loknu sérstaka nafnbót; t.d. tröllalærlingur, tröllufræðingur eða drekkameistari, viðurkenningarskjál eða örlítil verðlaun á borð við skemmtilegt strokleður, blýant eða bókamerki.

25.14 NÁMSBÆKUR

Pantanir bóka frá Menntamálastofnun fara í gegnum skrifstofu skólans og heldur ritari utan um birgðir. Allar kennsluleiðbeiningar sem ekki eru prentaðar út af vef stofnunarinnar eru tengdar í Gegni og lánaðar út af skólasafni sem og sýniseintök námsbóka. Auk þess eru kennarar hvattir til að skila ljósrituðum leiðbeiningum

og lausnum til skólasafns til varðveislu og útlána. Vakin er athygli á nýju námsefni frá Menntamálastofnun og því stillt upp á safninu eftir föngum.

25.15 SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN

Í lok maí 2022 var heildarfjöldi bóka í skólasafninu 15693 en alls voru þá 16387 munir skráðir í safnið. Útlán á skólaárinu 2021 – 2022 voru rúm átta þúsund.

Nánari skiptingu safnkosts má sjá á meðfylgjandi töflu.

Efni	Fjöldi
Snælda/hljóðbók	3
Bækur	15693
Spil	17
Geisladiskar	72
Geisladiskur/hljóðbók	222
Tölvugögn	4
Mynddiskar	75
Tæki (tölvur, hleðslutæki, skjávarpatengi o.fl.)	190
Möppur	8
Tímaritshefti	85
Gagnasett	3
Myndbönd	15
Alls	

25.16 VIÐBURÐIR

Nokkrir viðburðir hafa öðlast fastan sess í starfi skólasafnsins og er haldið upp á þá með ýmsum hætti. Meðal þeirra má nefna eftirfarandi:

BÓKASAFNSDAGURINN

Bókasafnsdagurinn 2021 var haldinn 8. september, að þessu sinni undir yfirskriftinni „Lestur er bestur – fyrir jörðina“. Markmið dagsins er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á mikilvægi bókasafna og hins vegar að vera dagur starfsmanna safnanna. Safnið var skreytt í tilefni dagsins og gestum og gangandi boðið upp á kynningu á nýjum bókum. Þá fengu allir sem vildu ný bókamerki. Það er ánægjulegt vekja þannig með sérstökum hætti athygli á skólasafninu í upphafi skólaárs.

NORRÆN BÓKASAFNAVIKA

Skólasafnið tók þátt í norrænni bókamenntaviku dagana 15. – 21. nóvember. Þá var vakin athygli á norrænum höfundum á skólasafninu og bókum þeirra stillt sérstaklega upp. Kennurum var bent á valda upplestrarkafla norrænu bókmenntavikunnar og verkefni tengd þeim og var eitthvað um að kennarar færðu sér það í nyt.

JÓLASTUNDIR Á AÐVENTU

Á aðventu koma nemendur yngri bekkja í jólaheimsóknir á safnið og jólasögur eru lesnar við kertaljós. Nemendur á miðstigi fóru að þessu sinni í jólaratleik á safninu.

DAGUR BARNABÓKARINNAR

Dagur barnabókarinnar er haldinn hátíðlegur þann 2. apríl ár hvert á fæðingardegi danska rithöfundarins H. C. Andersen. IBBY á Íslandi hefur um árabíl fagnað deginum með því að færa grunnskólabörnum smásögu, sem lesin er á RÚV, að gjöf. Að þessu sinni var það smásagan Það er skrímsli í súpunni minni eftir Guðna Líndal Benediktsson. Sagan og verkefni tengd henni bárust safninu

nokkru fyrir flutninginn í útvarpi. Allmargir kennarar færðu sér þetta í nyt og héldu upp á dag barnabókarinnar.

VIKA BÓKARINNAR

Nemendur taka þátt í árlegu vali þeirra höfunda og þýðenda sem hljóta bókaverðlaun barnanna. Kosið var dagana 10. febrúar – 25. mars á skólasafni og einnig gátu nemendur greitt atkvæði með rafrænum hætti.

25.17 LOKAORÐ

Í lestrarstefnu leik- og grunnskóla Borgarbyggðar segir m.a.: „Í skólunum er lögð áhersla á ríkulegt lestrarumhverfi, bækur eru sýnilegar og nemendur hvattir til að lesa, skoða og ræða bækur.“ (bls. 4)

Barnabókin á í harðri samkeppni við aðra miðla og íslensk börn hafa aldrei átt kost á öðru eins úrvali afþreyingar og nú stendur til boða. Mikið af því efni er ekki á íslensku. Ef gera á ungu kynslóðina vel læsa og bókelska verður að veita henni góðan aðgang að nýju og spennandi efni um leið og það kemur út.

Á undanförunum árum hefur safnkosturinn verið endurnýjaður umtalsvert.

Megináhersla er lögð á að kaupa sem mest af nýjum barna- og ungmennabókum; jafnt þýddum sem frumsömdum. Ráðstöfunarfé safnsins fer að mestu í slík kaup en lauslega má áætla að meðalverð bókar sem keypt er á safnið sé á bilinu 4 - 5000 krónur með afslætti bóksala. Bekkjarsett eru mörg orðin afar slitin og/ eða úrelt og þarfnast endurnýjunar og sama máli gegnir um fræðirit ýmiss konar, orðabækur og uppfléttirit. Jafnframt er nauðsynlegt, eins og að framan greinir, að auka bókakost á pólsku og ensku.

Ráðstöfunarfé skólasafnsins er rúmlega 900.000 krónur árið 2022 og hefur ekki hækkað um nokkurt skeið en á sama tíma hefur útsöluverð bóka hækkað

talsvert. Góð viðmiðun fyrir fjáruþlutun til skólasafnsins gæti verið að úthluta í það minnsta meðalverði einnar bókar á nemanda á ári hverju.

2. júní 2022

Anna Guðmundsdóttir

26. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÐJÁLFN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

Deildarstjóri sérkennslu skólaárið 2021 - 2022 var Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður sérkennslumála, heldur utan um skipulag sérkennslu, teymisfundi og ber faglega ábyrgð á sérkennslu innan skólans.

26.1 NEMENDATEYMI

Í sérkennslunni, eins og öllu öðru skólastarfi, er lögð mikil áhersla á gott samstarf heimilis og skóla. Þar sem þurfa þykir eru starfandi teymi um málefni nemenda. Mismunandi er hve teymin hittast of yfir veturinn, en algengast er að það sé einu sinni til tvisvar á önn. Á fundunum er farið yfir stöðuna, sameiginlega línur lagðar og áherslur mótaðar. Málstjóri, félagsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur sitja í þeim teyfum sem við á. Hjá yngri nemendum stundum forstöðuaðili Frístundar. Teymin eru mönnum í samráði við foreldra. Mikil áhersla er á að koma sem best til móts við þarfir nemenda á heildrænan hátt.

26.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

Í Grunnskólanum í Borgarnesi er lagt upp úr því að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á séraðstoð að halda. Aðstoð er aðlöguð að þörfum hvers og eins. Um getur verið að ræða vanda með nám, félagslega stöðu, líðan eða eitthvað allt annað. Tímabil stuðnings getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins.

Nemendur með frávik í námi fá aðlagð námsefni og/eða stuðning, innan eða utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur svo þeir nái að halda í við bekkjarfélaga en í öðrum er betra að fara hægar yfir. Í einstaka tilfellum er veitt undanþága frá fögum en það er ávallt gert í samráði við foreldra/forráðamenn. Nemendur með tilfinninga- og/eða hegðunarörðugleika fá stuðning eftir þörfum, til dæmis frá stuðningsfulltrúa eða þroskaþjálfra, auk þess sem viðtöl í Búbbblunni hafa reynst vel. Lesa má um Búbbbluna á öðrum stað í skýrslunni.

Aðaláhersla námslegs stuðnings í bóklegum fögum er á lestur, íslensku, stærðfræði og ensku. Einnig fá nemendur stuðning í verkgreinum, ef á þarf að halda. Brugðist er við félagslegum- og tilfinningalegum vanda með félagshæfnisögum, félagslegri þjálfun, CAT kassanum og reglulegum viðtölum. Í sérkennslu á yngsta stigi (1.-4. bekkur) var áherslan lögð á lestrarþjálfun og talnaskilning. Nemendur fara til sérkennara eða þroskaþjálfra, yfirleitt í fámennum hópi en einnig starfa sérkennari og þroskaþjálfri með nemendum inni í kennslustundum. Allt eftir því hvað hentar best hverju sinni. Í hverju bekkjarteymi á yngsta stigi eru þroskaþjálfri og/eða sérkennari. Í 5.-7. bekk voru nemendur oftast í litlum hópum hjá sérkennara eða þroskaþjálfra, ýmist inni í kennslustofu eða á miðrymi miðstigs. Fyrirkomulag sérkennslunnar í unglिंगadeild var með þeim hætti að sérkennslutímar voru kenndir í hóptímum í bekkjarstofu, á miðrymi unglिंगastigs eða í námsveri. Stuðningsfulltrúar komu að lestrarþjálfun, námsaðstoð og stuðningi almennt á öllum stigum.

26.3 SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd próf voru ekki lögð fyrir skólaárið 2021 – 2022. Það var ákvörðun Menntamálastofnunar að fresta fyrirlögn meðan fyrirkomulag samræmdra prófa yrði endurskoðað.

27. SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN)

Búbblan hélt áfram starfssemi með óbreyttu sniði þetta skólaár. Allir árgangar voru með fasta bekkjartíma í slökun nema 10. bekkur sem ákvað að nýta tímana heldur fyrir einstaklingsvinnu í sjálfseflingu. Alls voru 48 nemendur, úr öllum árgöngum, í lengri eða styttri tíma í sjálfseflingu. Morgunjóga fyrir yngsta stig hélt áfram og 5. bekkur hélt morgunjógatímum sínum áfram, að eigin ósk, þrátt fyrir að vera kominn á miðstig. Slökunartímar fyrir starfsfólk var 2x í viku og einnig var prófað að bjóða upp á jógatíma. Félagsfærnitímar fyrir hópa voru nýttir í einum árgangi.

27.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Í búbblunni er lögð áhersla á hugarró og velferð nemenda. Það er gert með þjálfun í núvitund, slökun og hugleiðsla þar sem aðferðir jákvæðrar sálfræði eru fléttaðar inn í hugleiðslusögur.

Markmiðið er að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra og vellíðan, og flétta þær inn í daglegt skólastarf þannig að allir nemendur skólans hafi möguleika á því að nýta sér þær.

Búbblan hefur verið starfandi í Grunnskólanum í Borgarnesi frá hausti 2017 með nokkuð svipuðu sniði.

27.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Allir bekkir eru með fastan vikulegan tíma í búbbblunni og býðst nemendum að fara þangað í litlum hópum í 15 mínútna núvitundarþjálfun, athyglisþjálfun og slökun. Einnig er boðið upp á einstaklingshandleiðslu þar sem hver nemandi, sem sótt er um fyrir, fær 5 skipta sjálfseflingarviðtöl þar sem byggt er á styrkleikavinnu og aðferðum úr jákvæðri sálfræði til að auka vellíðan og jákvæðar tilfinningar.

Morgunjóra er í upphafi skóladags fyrir yngsta stig og hluta miðstigs. Gerð er svipuð rúttína í hvert skipti svo nemendur finna að þeir verða smám saman öruggari í að gera jókastöðurnar. Þannig er hægt að dýpka þær og tengja við öndun, slökun og athygli. Smám saman er svo bætt við rúttínuna eftir aldri.

27.3 NÁMSMAT

Ekki fer fram formlegt námsmat í búbbblunni en foreldrar og umsjónarkennarar eru upplýstir jafnóðum um viðfangsefni og árangur einstaklingstíma í sjálfseflingu.

Elín Matthildur Kristinsdóttir

28. SAMANTEKT

Skólaárið 2021 – 2022 var krefjandi að mörgu leyti en skemmtilegt og fjölbreytt. Á starfsdögum og kennarafundum hafa komið hinir ýmsu fyrirlesarar. Við erum að fara í tveggja ára vegferð og gerast Réttindaskóli UNICEF og höfum við fengið tvo fyrirlestra varðandi það. Einnig er Borgarbyggð að vinna að því að verða „Barnvænt samfélag“ og því hefur einnig verið fyrirlestur vegna þess. Í vetur var gert „ytra mat“ á vegum Menntamálastofnunar. Unnið var í úrbótaáætlun sem varð til vegna Ytra matsins en skólinn kom hilt yfir vel út. Við fengum verkefni í vetur eins og allt samfélagið vegna kórónuveirunnar. Þessi veira eða sóttvarnir í kringum hana markaði skólastarfið að miklum hluta. Kennarar fengu það krefjandi verkefni að skipuleggja

starfið með allt öðrum hætti en þeir eru vanir. Við gátum haft mötuneytið opið með tilfæringum. Allt gekk þetta upp að lokum og við ætlum að taka það jákvæða með okkur úr þessu þrátt fyrir að þetta reyndi á andlega heilsu flestra.

Margir skemmtilegir hlutir eru framundan og má þar nefna ný skólalóð sem búið er að hanna og vonandi gengur eftir að koma henni í standið í sumar. Markmið okkar í skólanum er að byggja upp framúrskarandi skóla sem gott og eftirsóknalegt er að vinna við.